

Bréfasafn Bríetar Bjarnhéðinsdóttur (1856–1940). Lbs 3587–3608 4to.




Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Mynd: Kvennasögusafn Íslands.

Bréfin sem hér koma á eftir eru öll úr bréfasafni Bríetar Bjarnhéðinsdóttur (1856–1940), þeirrar miklu baráttukonu fyrir réttindum íslenskra kvenna. Árið 1885 varð hún fyrst kvenna til að skrifa blaðagrein sem birtist í tveimur hlutum í *Fjallkonunni* (5. og 22. júní). Greinin bar titilinn „*Nokkur orð um menntun og rjettindi kvenna*“ og notaði Bríet dulnefnið Æsa. Í desember 1887 hélt hún síðan fyrst kvenna opinberan fyrirlestur um launakjör kvenna og skort á menntun. Bríet var fyrsti formaður Kvenréttindafélags Íslands enda hafði hún frumkvæði að stofnun þess árið 1906.

Í bæjarstjórnarkosningunum í Reykjavík árið 1908 hafði Bríet forystu um kvennaframboð og sat í bæjarstjórn í áratug. Fáir áttu ríkari þátt í þeim ávinningi sem náðist í réttindabaráttu kvenna í upphafi 20. aldar.

Bríet skrifaðist á við fjölda kvenna og er hér aðeins birt úrval úr bréfasafni hennar.

Guðrún Ingólfssdóttir, maí 2025.



Anna Guðmundsdóttir (1876–1951) heimasæta á Rjúpnafelli í Vopnafirði skrifaði eftirfarandi bréf. Hún fluttist síðar til Vesturheims.

Bréfin eru varðveitt í Lbs 3587 4to.

Rjúpnafelli 14/1 '98

Heiðraða frú Bríet!

Af því ég er ein af þeim sem kaupi Kvennablaðið, þá dirfist ég að biðja yður stórrar bónar, sem er sú að mig langar til að biðja yður að gera svo vel og útvega mér aðgang að skráðaraverkstæði næstkomandi vetur. Sömuleiðis húsnæði eða herbergi til leigu einhvers staðar í bænum.

Ég bið yður innilega að fyrirgefa mér kvabbið. Ég á hvorki skyldfólk eða kunningja í Reykjavík sem ég gæti beðið um þetta og því sný ég mér til yðar, af því ég treysti yður best allra, að verða við þessari bón minni. Enn fremur bið ég yður að láta mig vita hvort þér getið þessa bón mína eða hafið hentugleika á að gera hana. Auðvitað borga ég yður fyrirhöfnina og ómök öll.

Með vinsemd og virðingu

Anna Guðmundsdóttir

á Rjúpnafelli Vopnafirði

Rjúpnafelli 26. maí 1898

Heiðraða frú!

Bestu þökk fyrir bréfið sem ég fékk frá yður í vetur og þá miklu mannúð sem þér sýnið með því að svara þannig bréfi óþekktrar stúlku. Enn fremur þakka ég yður alla þá fyrirhöfn sem þér kunnið að hafa fyrir kvabbið úr mér og bið yður að fyrirgefa ómakið sem ég geri yður.

Mér gleymdist að geta þess í haust þegar ég skrifaði yður að ég hafði hugsað mér að hafa með mér málamat en miðdagsmat verð ég að kaupa. Ég er ekki svo efnuð að ég geti keypt allan kost, þótt ég hefði fremur viljað það. En af því ég er hjá foreldrum mínum á ég hægt með að hafa mat með mér til að spara mér kostnað. Líka get ég haft gott smér með mér til að selja. Þér bendið mér á í bréfinu sem þér skrifuðuð mér að það gangi máske út. Ég get líka haft með mér eitthvað af rúmfatnaði, til dæmis yfirsæng og lök, ef það kæmi betur fyrir.

Nú sem stendur er ég að fara burtu. Ég ætla að vera í kaupavinnu í sumar og verð ég í Möðrudal á Hólsfjöllum. Þetta segi ég yður ef þér gerðuð svo vel að skrifa mér í sumar ef þér hefðuð tíma eða tækifæri til eitthvað þessu viðvíkjandi ef yður fyndist þess þurfa, því ég er svo óttalega fáfróð í öllu þessu. En nú er komið nóg af svo góðu. Fyrirgefið mér þennan miða.

Með vinsemd og virðingu

yðar Anna Guðmundsdóttir

Þórormstungu 18/1 '93

Kæra frændkona!

Af því ég fæ nú svo beina ferð (en varð of sein að ná í póstinn) sendi ég þessar fáu línur til þín. Þær eiga að færa þér innilegt þakklæti frá mér fyrir bréfið síðast og sendinguna. Litli drengurinn minn hafði ekki sett upp stígvél fyrr. Það sem mér þótti verst, hann hafði ekki vit á að vera montinn yfir þeim.

Þá eru nú fréttirnar en þær verða hvorki margar né merkilegar. Okkur líður öllum vel. Litli drengurinn vel frískur og efnilegur. Við giftum okkar þann 5^{ta} þessa mánaðar og Jónas bróðir minn, tvö börn voru skírð um leið. Litli drengurinn okkar heitir Bjarni en drengur bróður míns heitir Ólafur.

Elín var klædd í skautbúning en ég var í hvítum kjól sem ég kom með að vestan. Um 50 manns voru viðstaddir, engir stórhöfðingjar neðar úr dalnum nema Benidikt. Bjarni bróðir þinn var hér staddur, hann kom austur eftir með Munda bróðir sem er í vetur að kenna í Klömbur. Þeir komu þann 27. desember og við fengum þá til að bíða. Það var okkur sönn ánægja að hann vildi bíða, hann féll okkur svo vel í geð. Hann er einn af þeim fáu, er ég þekki vel, eftir mínu skapi. Hann hefur sérstaklega, með mörgu fleiru, einn þann kost til að bera sem ég finn hjá, því miður, alltof fáum, það er einlægni og hreinskilni. Það er þess vegna að ég gjöri ekki marga að kunningjum mínum, að mér finnst vinátta flestra ekki byggð á þeim rétta grundvelli, sem er einlægni og hreinskilni.

Kæra vina mín, ég er nú komin næstum frá efninu. Ég er að flestu leyti ánægð með lífskjörin. Hvað vin minn snertir er ég það að öllu leyti. Ég á þann vin er ég treysti jafnvel í blíðu og stríðu, sem leggur alla sína krafta fram til að gjöra mér lífið þægilegt, heimilið að öllu leyti friðsam[t] og gott, enda uni ég vel heima og fer ald[rei] neitt.

Þú spyrð mig einhvern tíma í bréfi þínu hvaða orð fari af Guðríði í Ási. Það fer lítið orð af henni og heyrir lítið eftir henni. Gjörðu það fyrir mig að skrifa mér einstöku sinnum ef þú hefur tíma til.

Heilsaðu litlu vinu minni, frænku Laufey, og kysstu frænda Héðin og ber manni þínum kæra kveðju. Ég óska ykkur öllum allrar sannrar hamingju.

Þín einlæg frændkona

Ásta M. Bjarnadóttir

P.S.

Frændfólkið biður að heilsa þér, sér á parti fylgir kær kveðja frá manninum til ykkar hjóna og innlagður koss frá litla frænda.

Þín sama

Ásta

Undirfelli 23. nóvember 1919

Kæra frændkona!

Þökk fyrir löngu meðtekið bréf frá þér. Það er nú orðið svo langt síðan ég fékk það bréf að ég er nú farin að skammast mín fyrir að hafa ekki sent þér línu fyrr.

Ég hef oft verið að hugsa um að heimsækja þig þó aldrei hafi orðið af því. Þú ert ein af þeim fáu kunningjum sem ég átti á æskuárunum og sem ég ekki gleymi þó langt verði stundum milli funda. Yfirleitt ber ég öðruvísi tilfinningu gagnvart æskukunningjunum og hinum sem á fullorðinsárunum koma og hverfa þó þar séu undantekningar.

Ég til dæmis lagði upp í fyrra vetur að heimsækja Bjarna bróður þinn. Hef alltaf haldið svo mikið af honum. Ég veit ekki nema hann hafi verið búinn að gleyma mér en vel tók hann á móti okkur. Auðvitað hafði ég ekki eins mikið gaman af að sjá hann og ég bjóst við. Talaði auk heldur mjög lítið við hann enda höfðu þeir karlmennirnir um svo margt að skrafa. Ég fann þeir höfðu svo mörg áhugamál og ég skammaðist mín þegar ég fór að hugsa um hvaða erindi ég hefði haft að rifja upp gamlan æskukunningskap sem ef til vill var gleymdur hjá honum. Svona gæti það farið ef ég færi að heimsækja þig, við ættum fráleitt samleið og samfundirnir gætu bara orðið til að veikja vináttu okkar. Þó þætti mér nú gaman að hætta á það ef mér endist aldur til.

Mér þótti gaman að sjá Héðin frænda í fyrra sumar. Tók honum eins og gömlum kunningja, fannst hann vera það, þó ég í raun og veru þekkti hann ekki neitt. Býst ef til vill við honum hafi þótt nóg um að ég þúaði hann. Mér geðjaðist mjög vel að honum, hann er talsvert líkur þér.

Hvað viðvíkur smjörinu í fyrra vetur þá var það svo lítið að það tók því ekki að láta það koma til reiknings. Ég sendi það bara til að láta Héðin sjá að ég hefði haft vilja til að útvega honum smjer, en ég gat það ekki.

Ég sendi þér með þessum línun borgun fyrir Kvennablaðið. Mér hefur oft dottið í hug að grennslast um hjá þér hvort þú ættir ekki gamla brúklega kápu sem þú hefðir lagt niður og vildir selja (vetrarkápu) og vildi ég gjarnan kaupa hana með því verði sem þú ákvæðir. Gæti skeð ég gæti selt fyrir þig gamlan fatnað ef þú vildir, sérstaklega var það fyrir sjálfa mig að ég falast eftir kápunni því ég býst við, ef þú hefðir hana, að hún væri úr góðu efni. Nú í dýrtíðinni og vöntuninni verður maður að reyna allt sem manni dettur í hug. Áður hefði ég nú máské ekki verið svona nærgöngul en ég vona þú fyrirgefir og sendir mér skeyti með línu svo fljótt sem þú getur.

Fyrirgefðu nú þetta sundurlausa bréf. Ég er að drepast úr vesöld og get valla setið kjur. Vertu blessuð og heilsaðu systkinunum frá mér.

Þín frændkona

Ásta



Krossum 20/ 1902.

Heitvirkar frú!

Með stórum þyrngingum til yðar,
sendi jeg yðar svolu uppá þessu þætti sem
þessi skrifubréfið mýr i hausti, jeg hefti
att þessi bréfið er vera búnað at vera
þess, en vissuðu að þessi bréfið hefti
þess atgætt svo lengi.

Þessu er at jeg, get ekki séð við þess
yðar, allra mest þessu at eða þessu
vættu. Þessu mætti ef til vill spjalla
þessu að þessu. Þessu er at þessu
þessu en einn og einn til þessu, og þessu
þessu er at þessu til þessu hafi muna at
jeg vil þessu þessu laust, at þessu þessu
at vil þessu þessu þessu, at þessu þessu
at jeg þessu þessu at þessu þessu.

Ásta Sigurlaug Þorvaldsdóttir (1876–1963) á Krossum í Eyjafirði skrifaði eftirfarandi bréf.

Bréfið er varðveitt í Lbs 3587 4to.

Háttvirta frú!

Með stórrí fyrirgefningarbón til yðar sendi ég yður svar upp á bréf það sem þér skrifuðu mér í haust. Ég hefði átt fyrir löngu að vera búin að svara því, en vissra orsaka vegna hefur það dregist svo lengi.

Svarið er að ég get ekki orðið við bón yðar, allra síst þetta ár eða þennan vetur. Þér munuð ef til vill spurja hvernig orsaka vegna. Það er vissulega fleiri en ein orsök til þess og þekkið þér svo lítið til um hagi mína að ég álit þýðingarlaust að telja þær upp. Vil aðeins geta þess að líklegast er að ég fari héðan af Árskógsströnd nú á næstkomandi vori og þá svo langt að ég gæti alls ekki haft útsölu á Kvennablaðinu hér.


Mér þykir mjög leiðinlegt að vita að þér álítið mig eina af þeim kvenmönnum sem algjörlega sé dauð og dofin fyrir rétti okkar og standi því á sama hvernig hann stendur – líka að ég sé ekkert interesuð fyrir blöð mér til gagns eða þó ekki sé nema til gamans.

Það er víst um mig, sem svo margar aðrar stúlkur, alltof lítið og verð ég að leggja í yðar vald að dæma það eftir áliti yðar.

Ef svo skyldi nú fara að ég sæi í vor að ég ekki færi neitt burtu héðan, sem er allt óráðið nú, og ég fengi þá kaupendur að blaði yðar, þá skal ég reyna hvað í mínu valdi stendur og lofa yður að vita það.

Með virðing og vináttu

Ásta Þorvaldsdóttir



Ólöf Ásta Þórarinsdóttir (1859–1929) prestsfrú á Grenjaðarstað skrifaði eftirfarandi bréf. Ólöf Ásta var sögð skörungskona.

Bréfið er varðveitt í Lbs 3587 4to.

Grenjaðarstað 2. maí 1905

Háttvirta frú!

Bestu þökk fyrir góða viðkynningu og bréf frá 21. mars. Þér talið þar um Kvennablaðið, ég er yður að flestu leyti sammála þar, að það sé ómynd af okkur kvenfólkinu að kaupa lítið og borga illa blaðið.

Ég hef ætíð verið kaupandi þess, tek það hjá Önnu í Kasthvammi og hef líka borgað það skilvíslega. En ég veit til þess að það gera ekki allar og það er almenn umkvörtun um erfiðleika á blaðainnheimtu. Og þó sorglegt sé mun það vera enn verra þegar konur eiga hlut að máli.

Mér líkar blaðið vel frá því fyrsta og ég hef ekki orðið þess vör að konur væru neitt óánægðar með það. En þær eru svo daufar og hugsunarlitlar um öll þessháttar málefni, allur þorrinn.


Ég er ekki vel til þess fallin að innheimta skuldir og er því ófáanleg til að takast á hendur útsölu á blöðum. En mæla skal ég heldur með því.

Ég á 18 ára dóttur og mér kemur til hugar að láta hana reyna sig og vita hvað hún dugir. Hún hefur ekki verið heima í vetur, er nýkomin heim, og því er hún ekki búin að reyna neitt fyrir sér. En hún skrifar yður með næsta pósti og segir þá árangurinn. Ég skal heldur styðja hana.

Héðan ekkert að fréttu markvert, heldur kvillasamt í þessu héraði en þó ekki stór veikindi nein. Mér og mínu fólki líður vel.

Með bestu kveðjum frá manninum mínum, er ég yðar einlæg

Ásta Þórarinsdóttir



Eftirfarandi bréf skrifaði Bergljót Guttormsdóttir (1832–um 1899) húsfreyja á Þverá í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu og síðar búandi ekkja á sama stað.

Bréfið er varðveitt í Lbs 3588 4to.

Þverá 23. febrúar 1895

Elskulega vinkona!

Kærar þakkir fyrir bréf þitt með síðasta pósti, er gladdi mig mjög mikið, það sýndi að þú varst ekki búin að gleyma mér þó langt sé síðan ég hef skrifað þér, en það gjörir ekki viljaleysið heldur þolleysi mitt að halda á penna. Ég er orðin alveg frá að þola að skrifa nokkra línu og skrifa því aldrei nokkrum manni nú orðið.

Heilsa mín er með líku móti og verið hefur, ég klæðist oftast en er þó mjög slök og þollauss. Ég er nú hætt öllum búskap og sjálfsmennsku og er nú að öllu leyti hjá Jóni og Halldóru og líður mér bærilega.

Fréttir hefi ég engar sem ég man og ég veit þú hefur ekki frétt. Tíðin ágæt, besti vetur sem menn muna eftir hér í Norðurlandi. Af konu Páls á Halldórsstöðum er ekki nema gott að fréttu, ég held öllum líki vel við hana og þyki hún skemmtileg. Það er mjög laglegt hjá þeim og Páll er að álitu manna besti ektamaki.

Fyrirlestur þinn hefi ég heyrt og er ég mjög ánægð með hann og svo eru víst flestir, en samdóma er ég Reykvíkingum í því að þú hafir meira hælt okkur sveitafólkinu, einkum Þingeyingum, heldur en að því skapi Reykvíkingum, en það er ég þér nú reyndar þakklát fyrir og vona ég líka að við eigum það skilið.

Blaðafyrirtæki þitt líkar mér vel og vona ég fái sem bestan framgang og góða framtíð. Ekki trúi ég heldur að vonir þínar bregðist í tilliti til áskrifendafjölda héðan úr sýslu, því hvervetna hygg ég það fái bestu undirtektir og heyrir mér menn vilja styðja það eftir megni.


Þú minnst á nöfnu og segist vorkenna henni, hún er víst vorkunnarverð að sumu leyti, ekki að vísu svo mjög þótt hún missti Ásgeir, heldur meira fyrir það hvað margir hafa talað um hana ósæmilegar og ósannar sögur og leitast við á allar lundir að sverta hana saklausa. Mun K. Guðjohnsen hafa gjört sitt til að útbreiða um hana sem flest ósæmilegt og lítt skeytt um þó það væri ekki allt sannleikanum samkvæmt, enda var henni ekki svo lítið um að gjöra. Heyrt hef ég að þú hafir átt að hafa skrifað K. eitthvað það um nöfnu, veturinn sem hún var í Vík, sem ekki hafi fallið mjög illa í smekk Kristínar sem án efa hefur þráð að heyra eitthvað til að skrafa um hana, og hélt ég þú yrðir þó sú seinasta til þess. En ég veit ekki hverju trúa skal. Víst er það að þetta allt hefur farið mikið illa með nöfnu og óvíst að hún bíði þess nokkurn tíma bætur.

Þá slæ ég nú botninn í bréf þetta, og bið þig mikillega að fyrirgefa hvað það er ómerkilegt. Á Auðnum líður öllum vel, hjónin hefðu án efa beðið að heilsa ef þau hefðu vitað að ég var að skrifa þér.

Vertu svo sem best kvödd af

þinni einlægri

Bergljótu Guttormsdóttir



Björg C. Þorláksson (1874–1934) skrifaði bréfin sem hér koma á eftir. Menntun sína sótti Björg að miklu leyti til Kaupmannahafnar og var því skólagengnari en flestar íslenskar konur á þeim tíma. Árið 1903 giftist hún Sigfúsi Blöndal orðabókarritstjóra. Með honum vann Björg af mikilli elju við gerð íslensk-danskrar orðabókar sem kom út á árunum 1920–1924. Í hjónabandi við Sigfús tók hún upp nafnið Björg Blöndal en eftir að þau skildu árið 1923 tók hún upp nafnið Björg C. Þorláksson.

Björg varð fyrst íslenskra kvenna til að ljúka doktorsprófi. Doktorsritgerð sína í sálfræði varði hún við Sorbonne-háskóla árið 1926. Björg var afkastamikil fræðikona og skrifaði um fjölbreytt málefni.

Bréfin eru varðveitt í Lbs 3588 4to.

Amagerbrogade 153³

1/2 '07

Kæra frú Ásmundsson!

Bestu þakkir fyrir bréfið yðar fyrir jólin og alla góða viðkynningu. Það hefur dregist allt of lengi fyrir mér að skrifa yður, en það er meðfram vegna þess að ég hef ekki getað fengið utanáskrift Mrs. Catt¹ fyrr en rétt nýlega, en nú sendi ég yður hana.

Vænt þykir mér um áhuga yðar á pólitískum réttindum kvenfólksins, ég er sannfærð um að þau yrðu besta ráðið til að þroska kvenfólkið andlega, en ég held við ættum að biðja um meira en kosningarétt. Hann er auðvitað betri en ekki neitt. En við eigum heimtingu á fullkomnum mannréttindum, og ættum að berja það inn í höfuðin á karlmönnunum – og ekki síður á kvenfólkinu sjálfu. En umfram allt ríður á að hleypa ekki neinum æsingi í málið heima. Ýmsir af þingmönnum okkar eru því hlyntir, og ég skil ekki í öðru en kvenfólkið heima geti áður langt um líður fengið talsverð réttindi, ef það sjálft vill.

Það væri gaman að heyra frá yður, hvernig gengur heima, eitthvað þyrfti að gera í málinu. Ég sendi yður þessar línur með föður mínum, sem hefur dvalið hér um tíma en fer nú heim með Ceres.

Með kærri kveðju.

Yðar einlæg

Björg Blöndal

Bestu kveðjur frá Sigfúsi og Emilíu.

¹ Carrie Chapman Catt, formaður IWSA (International Woman Suffrage Alliance).

Amagerbrogade 153^{III}

2/12 '09

Kæra frá Ásmundsson.

Bestu þakkir fyrir bréf yðar og fyrir Kvennablaðið. Viðvíkjandi Sögu Gösta Berlings, þá er yður velkomið að taka smápætti úr henni í Kvennablaðið. Ég var byrjuð að þýða hana, en það er ekki hlaupið að því að fá forleggjara heima, einkum ef maður ekki er sjálfur við hendina þar. Þó skil ég varla annað en bækur Selmu Lagerlöf mundu verða talsvert keyptar og því borga sig nokkurn veginn, þó gefnar væru ca 30 króna ritlaun per örk.

Það gleður mig að heyra að dóttir yðar ekki hættir við námið í miðju kafi eins og sumar af þeim sem sest hafa í Latínuskólann heima.

Ekki er nokkur von um að kvenstúdentar hér fái kommunitet eða garðstyrk – hvorki danskir né íslenskir. Svo hafa þeir „háu herrar“ juristarnir, úrskurðað og við það mun standa – að minnsta kosti fyrst um sinn. Þar á mót hefur ráðaneytið hér nokkurt fé með höndum, sem kvenstúdentar geta fengið af frá 10–25 króna styrk á mánuði – og það jafnt íslenskir sem danskir.

Öðrum styrktarsjóðum hér veit ég ekki af, sem algengt sé að veita stúdentum fé úr. Auðvitað eru ýms legöt og þess háttar til – en ég er hrædd um að Danir sitji þar að jafnaði fyrir Íslendingum. –

Kennsla er öll ókeypis við Háskólann, en hér er dýrt að lifa. – Bækur kosta mikið – föt mikið, o.fl. o.fl.

Ef þér ráðið af að láta dóttur yðar sigla, skal það vera mér ánægja að sjá hana hér og leiðbeina henni í smávegis, ef ég get komið því við.

Með bestu kveðjum til yðar frá Sigfúsi

og yðar einlægri

Björgu Blöndal

Villa Krania

Søllerød pr. Holte

24/6 – 14

Kæra frú Ásmundsson.

Þá er nú hinn 2. norræni kvennafundur um garð genginn og hefur að öllu leyti farið vel fram, og verið einkar fróðlegt að heyra hinar margvíslegu skoðanir sem fram hafa komið, á þeim tveim stórmálum sem þar voru rædd, hjónabandslöggjöfnni og barnalöggjöfnni. Þegar fundarskýrslan er fullprentuð, skal ég reyna að ná í eina handa yður, því það er ómögulegt í stuttu bréfi – og jafnvel þó langt væri – að gera nákvæmlega grein fyrir öllu sem þar bar á góma.

Ég vildi óska, að þér hefðuð verið á fundinum, ég er viss um þér hefðuð haft gaman af því – en eins og þér réttilega segið í bréfi yðar – þá kostar hluttaka í svona fundum bæði tíma og peninga. Ég legg hér með skjal til Kvenréttindafélagsins og auk þess sendi ég Kvennablaðinu ofurlítinn pistil. Ég er að hugsa um að senda Lögréttnu inngangsorð frú Stampe Feddersen, ég er hrædd um að yður þyki það of langt í Kvennablaðið.

Viðvíkjandi hinni fyrirhuguðu samvinnu, vildi ég benda yður á að ég álít gagnslítið – og varla sæmilegt fyrir kvenfélögin heima að taka þátt í henni, nema því aðeins að þau hafi einhverjum konum á að skipa sem vilja starfa með áhuga að því sem gera þarf, til þess að hluttakan verði meira en nafnið tóm. – Og vinna sú er fyrst liggur fyrir, er að kynna sér rækilega alla hjónabandslöggjöfina ekki einungis á Íslandi, heldur og á öllum Norðurlöndum – auk þess væri æskilegt að vita helstu prinsípin í þýskri, franskri og enskri hjónabandslöggjöf – og hvernig ástand löggjöfin í hinum ýmsu löndum hefir skapað. Og alveg sama er að segja um barnalöggjöfina. – Þá er enn að kynna sér nákvæmlega staðhætti hinna einstöku landa – og þá fyrir okkar fulltrúa, einkum og sér í lagi Íslands, til þess að geta komið fram með tillögur til breytinga á lögunum er verði til raunverulegra bóta.

Ég álít afar nauðsynlegt að við íslensku konurnar gætum notað þetta tækifæri sem nú býðst til samvinnu – en ég vildi ekki láta hjá líða að benda yður á hvað það væri sem útheimtist af þeirri eða þeim konum er ættu að takast samvinnuna á hendur, og leysa starf sitt svo af hendi að íslenskum konum eigi væri vansæmd að. –

Þér sjáið að það er ekkert smáræðis starf sem með þarf til þess að geta staðið eins vel að vígi og konur þær er nágrannalönd okkar hafa á að skipa í þessum efnum, en ég vona að þið hafið einhverjar konur sem væru færar um að taka það að sér. –

Af okkur er nú allt gott að segja. Tíðin hefur verið góð nú upp á síðkastið, sól og sumar á hverjum degi og fagurt umhorfs hér í Søllerød.

Ég sendi yður mína bestu heillaósk vegna hins ágæta prófs sem Héðinn, sonur yðar, nú hefur nýtekið hér. Ég held hann hafi fengið alla yðar miklu energiu óskerta; það tala hér allir um hvað

hann sé duglegur og góður piltur. Okkur hérna hefur fallið einstaklega vel við hann og þau bæði systkinin.

Að endingu bestu kveðjur frá okkur báðum til yðar og dóttur yðar ef hún er komin heim.

Yðar einlæg

Björg Blöndal

Villa Krania

Søllerød pr. Holte

7/7 – 14

Kæra frú Ásmunsson.

Nú sendi ég yður pistilinn í Kvennablaðið. Ég gleymdi að segja yður síðast að svar um það hvort þér, 3 Kvenréttindafélagið, vill taka þátt í hinni fyrirhuguðu samvinnu á að vera komið til Dansk Kvindesamfund fyrir 1. nóvember í haust, og þá um leið verður að senda tillögur um hvernig þér hugsið yður samvinnuna. Það væri nú gaman að bæði kvenfélögin íslensku gætu tekið þátt í henni – en það kostar peninga – og tíma fyrir þá sem eiga að gera það.

Annars ekkert að fréttu. Vona eftir bréfi frá yður bráðum. Bestu kveðjur til yðar og dóttur yðar frá okkur báðum.

Yðar einlæg

Björg Blöndal

Reykjavík 30 ágúst 1912
Herra frú Birni Bjarnshjól.
Þakka fyrir síðasta bréfið yðra
með hlið lóangra og á að þóðni
var fasin. Jég held að hjellast
væri að birta með fyrirlitnaferðina
þangað til á okk. Þú er fyrst
farið að komast dælitil ró yfir fallet.
Sumars er mjög vanskilegt að ná
fálki samman til að hlusta á
fyrirlitna. Guðn. Guðn. skul
þóðni upplæstur á frum samdum
kroddum um daginn. Met allum
fríðlæsum voru þeir fyrir einn
20 sem komu. Ball átti að halda
fyrir skámmu, fyrir utan ballnefni
inn komu aðeins 3 skúltur.
Þjór er all mjög daufl og dafist
er það semilega þóðileysinn að
Kenna, sem hjór var sáinn þóð
nefni og all vor. Har Mj-

Camilla Torfason (1864–1927) (Petrína Thora Camilla Stefánsdóttir) skrifaði bréfin sem hér koma á eftir. Camilla varð fyrst íslenskra kvenna til að ljúka stúdentsprófi árið 1889. Það gerði hún frá Trier menntaskólanum í Kaupmannahöfn. Kandidatsprófi í heimspeki lauk hún ári síðar við Kaupmannahafnarháskóla. Nám í stærðfræði stundaði Camilla í tvö ár en lauk ekki prófi. Eftir það sneri hún sér að kennslustörfum. Camilla var stofnandi og fyrsti forstöðumaður

Kvenfélagsins Óskar á Ísafirði árið 1907 en jafnframt stuðlaði hún að stofnun Húsmæðraskólans á Ísafirði árið 1912.

Bréfin eru varðveitt í Lbs 3588 4to.

Ísafjörður 30. ágúst 1912

Kæra frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Þakka fyrir síðasta bréf yðar meðtekið löngu eftir að Botnía var farin. Ég held að réttast væri að biðja með fyrirlestraferðina þangað til í október. Þá er fyrst farið að koma dálítill ró yfir fólkið. Annars er mjög vanskilegt að ná fólki saman til að hlusta á fyrirlestra. Guðmundur Guðmundsson skáld boðaði upplestur á frumsömdum kvæðum um daginn. Með öllum fríbilætum voru þeir fyrir innan 20 sem komu. Ball átti að halda fyrir skömmu, fyrir utan ballnefndina komu aðeins 3 stúlkur.

Hér er allt mjög dauft og dofið. Er það sennilega fiskileysinu að kenna sem hér var seinni part vetrar og allt vor. Mýmargt fólk hefur flutt sig búferlum héðan, bæði suður til Reykjavíkur og vestur um haf, svo hér mun hafa fækkað fólki töluvert. En hvað sem þessu öllu líður mun ég verða yður innan handar ef þér áráðið að koma vestur.

Ég geng sennilega líka í kvenréttindafélagið sem þér vonandi stofnið hérna, en forstöðukona þess verð ég ekki. Hvernig líst yður á að koma hingað með Flóru 18. október og fara annaðhvort með Vestra 23. eða Botnía 26. október. Þá komið þér til að standa hér við 4–5 daga, kannski (Flóra er farin að vera svo oft á eftir tímanum). Líklega getið þér þá komist út í Bolungarvík og Hnífsdal, því mjög oft gangi hér mótorar á milli, en engin föst rúta.

Ef þér ætlið að halda fyrirlestra víða á Vestfjörðum er náttúrliga best að ferðast með Vestra sem kemur víða við og fer vanalega hægt yfir síðustu ferð ársins og líklega síðustu ferð yfirleitt.

Það er ekki svo hægt fyrir mig að leggja ráð á, þar sem ég ekki er vel inni í málavöxtum. Í von um að sjá yður í haust, er ég yðar með virðingu.

Camilla Torfason

Ísafirði 26. janúar 1913

Kæra frú.

Aðeins fáeinir línur, ekki síst af þeirri ástæðu að ég hef ekkert gott að skrifa. Jakob hef ég reynt að ná í fleirum sinnum, en ekkert fengið hjá honum. Ef hann sér mig tilsýndar á götu flýtir hann sér úr vegi. Síðast sendi ég pólitið til að sækja hann upp á kontór, en þá var sagt að hann væri farinn inn í Álftafjörð. En ég mun halda áfram að minnsta kosti þangað til ég næ honum upp á kontór, en ég kem honum ekki í neina ólukku út af þessu. Það er ekki víst að hann hafi innheimt hjá mörgum. Ég spurði frú Guðríði hvort hún hefði fengið Kvennablaðið, en hún kvað nei við.

Um kvenréttindafélagið er það að segja, að það er ekki farið að hreyfa sig enn þá. Við komum saman og kusum stjórn, svo færði ég fröken Þóru lögin sem þér senduð, og síðan hef ég ekkert heyrt og engin fundarboð fengið. Ekkert hef ég heldur frétt úr Hnífsdal en í Bolungarvík heyri ég að er kvenfélag og ég hugsa kannski að standi fyrir því frú Ragnhildur Guðmundsdóttir frá Æðey. Að minnsta kosti væri víst óhætt að senda henni nokkra lista til undirskrifta.

Ég er annars búin að gleyma öllum nöfnum. Í Barðastrandarsýslu þekki ég svo gott sem enga manneskju, en þeir listar eða blankettur sem eiga að fara hingað í sýslurnar væri réttast að senda forstöðukonu kvenréttindafélagsins hérna og henni falið að senda þær út. Það sem ætlað er í Vestursýsluna væri kannski réttara að senda fröken Kristjönu Kristjánsdóttur hjúkrunarkonu á Þingeyri. Hún var að minnsta kosti fyrir eina tíð góð kvenréttindakona, með réttan skilning á málefnum.

Ég var sjálf dálítið hissa á því að vera ekki kosin í stjórnina. Ég held helst að þær hafi haft tilfinningu fyrir því að réttast væri að láta mig í friði því margar vita hér að ég er mjög sjaldan frísk.

Þakka fyrir samveruna síðast, gott og gleðilegt ár óskum við yður. Maðurinn biður kærlega að heilsa.

Vinsamlegast

Camilla Torfason

Winnipeg 14. apríl 1913

Háttvirta frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir

Ég hef í sannleika verið ókurteis að svara ekki bréfunum yðar fyrri. Mér var bæði um og ó hvað ég átti að segja, þótti illt að gera yður afturreka, en fannst mig ekki langa til að fara að grafa neitt í þessu máli nú framar! Ég er orðin of gömul til þess og hef aldrei nein kvenfrelsisshetja verið! – þó skömm sé frá að segja. – Ég hef verið – auðvitað – með málefnum sjálfu, en að þurfa að fara út og predika það á strætum og gatnamótum og ganga úr öllum kvenlegum ham, þar leiði ég minn hest frá.

Það þaut hér upp dálítill bóla um tíma þegar Margrét Benediktsson var að berjast með Freyju sína. Hún sópaði nokkuð mörgum konum í kvenréttindafélag – eins og yður mun kunnugt af blöðunum. Hún lét mig aldrei í friði fyrr en hún hafði mig – eða mitt nafn – í félagið. Reyndar fann ég mig þar aldrei heima, ekki lagði ég þó neinn „harðan dóm“ á Margréti eins og svo margir gerðu og vildu ekki í það félag ganga, vegna þess hún væri forsprakkinn. Þó var það að nokkru leyti óbeinlínis fráfælnis sök, annað það, að ég hafði alltaf hatað þennan gauragang! Þetta fánalega og frekjulega sem þessu málefni hlaut að fylgja – jafnvel bardaga og ofbeldis- og ódádaverk – eins og nú er komið á daginn.

Ég býst nú samt við félagið – þetta litla íslenska kvenréttindafélag hér í Winnipeg hefði haldið áfram – kannski að stækka, ef hún Margrét hefði haldið áfram, því hún var eina driffjöðrin. En þó kom það slys fyrir að hún missti heilsuna og varð að flytja vestur að hafi. Þá var sem hún gengi af hólmi og gæfi frá sér baráttuna og með það sama lagði félagið sig út af og sefur nú í rólegheitum.

Ósköpin sem ganga á í Englandi eru svo óhemjuleg, enda þó maður viti að „þau hafa mikið til síns máls“, að það er eins og fjöldanum fallist hendur, þeir sem standa lengra frá verða hikandi enda verður okkur, sem svo gerum, „manna dæmin“, þar sem er drottningin sjálf af Englandi.

En svo er „þar til máls að taka sem fyrr var frá horfið“. Mrs. Olson hafði enga heimild til að vísa yður á mig sem dugnaðarkonu í einu né neinu. Síst „á þessum síðustu og verstu dögum“! Mér þótti sem sagt illt að neita yður, hugsaði mér að reyna, fór dálítið í kring, hitti konur á samkomum og fundum – en þá er nú ævinlega reyndar ekki við neitt hægt að tjónka eða ná haldi á neinu. Mér fannst ég vera orðin að argasta „pestara“.

Rétt þar á eftir – eftir að ég fékk fyrra bréfið – fór ég í ferðalag og var í því í 5 vikur. Sonur minn seldi húsið á meðan og allt varð á tjá og tundri. Ég gat ekki fengið mig til að hugsa um málefni yðar. Ég sagði mrs. Olson það en samt var ég ekki nógu afgerandi að afsegja það og láta hana koma því á einhverja aðra.

Kannski ég yrði duglegri einhvern góðan veðurdag þegar fram í sækti. Og þetta er nú að verða meir og meir ríkjandi í huga mínum, eftir að veðrið fór að hlýna. Því að labba út í bæ – um allar trissur meðan kalt var nennti ég ómögulega. Ég auðvitað skammast mín fyrir hvað illa ég hef brugðist von yðar, en samviskuviðkvæmnin fer nú líklegast að sljófgast eins og annað þegar maður er orðinn hálf sjötugur? –

Nokkur eintök er ég búin að selja af fyrirlestrunum – hefði átt að vera búin að selja þau öll og senda andvirðið. Einn áskrifanda að blaðinu – Kvennablaðinu – hef ég eða 2. –

Nefni maður þetta mál við helstu íslensku konurnar hérna í bænum, er „eins og hundi sé boðin heil kaka“. Ég ætla nú að fara að setja rögg á mig og reyna að bæta ráð mitt þótt seint sé og skal skrifa aftur hvernig mér gengur.

Yðar með virðingu

Carolina Dalman

Ég ætla að bæta því við að hér er alltaf verið að „pesta“ með eitthvað eða eitthvert betl svo fólk snýr undir eins upp á sig þegar þess konar útsölumenn og útsendarar eru á ferðinni. Ein ástæðan.

C.D.

Winnipeg 8. maí 1915

Frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir

Ég veit ekkert hvað ég á að segja um Kvennablaðið. Ég var svo vitlaus að sinna því nokkuð í fyrstu, það er sú fráleitasta staða fyrir mig að vera agent. Það hafa allir líka, næstum undantekningarlaust skömm á þeim, sérdeilis þegar fram í sækir og þeir fara að heimta peninga. Ég hef ekkert getað átt við að vinna nokkuð í þessu í allan vetur, allra hluta vegna. Þegar ég hef getað loksins fengið mig á stað – út í kuldann – að finna þessar fáu konur, og færa þeim blaðið, þá segja þær: „Æ, mér er alveg sama hvort ég fæ það eða ekki – hef engan tíma að lesa neitt en allt fullt af blöðum, vil vera laus við það og þá ekki heldur sentin til staðar“. Að eltast við þetta margar ferðir nenni ég hreint ekki.

Kvenfrelsisfélagið íslenska herna er dáið eða er ekki nefnt á nafn lengur. Enga konuna sem í því var fékk ég til að kaupa blaðið. Það liggur því að mestu óselt, þetta sem þér hafið sent. Og ég hef ekki hitt svo á að peningarnir fyrir árganginn hafi verið við höndina. Aðeins ein hefur borgað af þeim sem lesa það. Samt vona ég að geta haft hitt út, þegar ég kem því við að eltast við það nógu lengi. Ég sendi það þá í ávísun, það fyrsta.


Máski þér þekkið einhverja duglega konu hér vestur frá og fengið hana til að vinna fyrir yður og taka við því sem hjá mér er. Það þætti mér vænt um.

Með vinsemd og virðingu.

Carolina Dalman

Þér getið markað áhugann fyrir blaðinu af því, þrátt fyrir að ég hef boðið kostur að koma eftir því til mín, leggja þær aldrei svo mikið í sölurnar.

C.D.



Dýrleif Sveinsdóttir (1860–1894) skrifaði eftirfarandi bréf. Hún var fyrri kona séra Árna Jónssonar prests að Borg. Dýrleif ólst upp á Hóli í Höfðahverfi og er talið að hún og systkini hennar hafi fengið betri menntun en gerðist og gekk enda var Dýrleif sögð bókhneigð.

Bréfið er varðveitt í Lbs 3588 4to.

Borg 12. mars 1885

Kæra góða Bríet!

Ég er komin í svo mikla bréfaskuld við yður að ég er engan veginn með góðri samvisku þegar ég loks byrja bréf til yðar. Ég veit sjálf eigi hvernig því er varið, en í allan liðlangan vetur hef ég mjög sjaldan verið upplögð að skrifa bréf. Og þó liður mér að mörgu leyti vel. Reyndar hef ég einatt verið lasin og það er eigi sjaldan að ég þínist af áhyggjum fyrir hinum ókomna tíma, en þó eigi svo mjög að það geti afsakað mig nægjanlega í þessu efni. Ég held ég gjöri því best í að kannast við að það muni þó ef til vill vera nokkuð af leti eða hirðuleysi að ég skuli aldrei hafa skrifað yður og biðja svo hreint og beint fyrirgefningar á öllu saman. Lofa bót og betrun og biðja yður svo að misskilja eigi hina löngu þögn.

Svo kemur það, sem reyndar átti að vera efst á blaði, þakklæti fyrir hið langa og fréttافرóða bréf. Mér þótti gott að fréttá nákvæmlega af högum yðar og það gladdi mig að yður liður bærilega eftir því sem unnt er á meðal ókunnra manna.

Það gengur eigi vel með það sem ég átti að útrétta fyrir yður, nefnilega með kaupavinnu hér. Hér um Borgarsóknir er svo mikill grúi af lausafólki að ég hef hvergi vitað annað eins til sveita. Á sumum bæjum hér (eigi allfáum) eru fleiri familjur búlaust fólk, og það situr þá fyrir kaupavinnunni á sumrin eins og eðlilegt er. Svo er og það að ég vildi eigi gjarna ráða yður á eitthvert það heimili sem ég eigi þekkti neitt, en ég hef enn þá eigi haft færi á að kynnast hér heimilisháttum neitt til hlítar. Samt sem áður færði ég þetta í tal við mann einn hér í sókninni, sem er gamall bóndi og orðinn kunnugur vel sveitinni, í þeirri von að hann myndi ef til vill geta bent mér á einhvern góðan bæ, þar sem fáanleg væri vinna um sumartímann, en hann hélt að það myndi árangurslaust að leita þess hér um slóðir. Ég er og á þeirri skoðun. Og eigi get ég heldur hjálpað yður sjálf þótt ég vildi.


Við ætlum samt að reyna að byrja búskap í vor og eru í þeirri von ráðnar til okkar tvær stúlkur árlangt og hin þriðja systir mannsins míns sem við búumst við að gangi að heyskap, en fjórða unglingsstúlka sem á að hjálpa mér með eldhúswerk um sumartímann.

Á þessu vona ég þér sjáið, góða Bríet, að ekki er á bætandi með fólk, einkum ef á það er litið að efni eru engin í aðra hönd til að fæða fólk og gjalda fólki.

Ég vona samt að þér fýrtist eigi við þetta heldur sendið mér línu við tækifæri. Ég vildi gjarnan vita hvernig yður liður. Okkur herna liður fremur vel, þó er þröngt um okkur. Herbergið hið eina sem við höfum til íbúðar er töluvert minna en herbergið yðar, og þar að auki fúið og fornt. Svo er og öll önnur bygging hér. Það er eigi álitlegt fyrir fátæka frumbýlinga að taka við því þannig.

Ég verð að hætta því annað kallar að.

Líði yður ætíð sem best. Þess óskar yðar Dýrleif



Elín Havsteen/Havstein Pétursdóttir (1869–1900) skrifaði eftirfarandi bréf. Hún varð síðar sýslumannsfrú í Stykkishólmi.

Bréfin eru varðveitt í Lbs 3588 4to.

Ole Suhrsgade 2 2.h.

Kaupmannahöfn 16. apríl 1890

Kæra Bríet!

Loksins fer ég að skrifa þér. Þú ert ekki góð að hafa aldrei skrifað mér. Ég hef með hvörri ferð vonast eftir bréfi frá þér – en nei.

Ég hef frétt það frá þér að þú sért búin að eignast dóttur. Ég óska þér til lukku með hana. Það væri gaman að sjá hana en hún verður víst orðin stór þegar ég fæ það.

Okkur líður hér mikið vel, kunnum vel við okkur. Til vetrarins höfum við ekki fundið sérlega mikið og nú höfum við gott vorveður, – og bráðum heitt blessað sumar. Trén sum eru þegar orðin mikið græn. Í sumar verður mjög gaman að koma í skóginn.

Ég hef nokkrum sinnum verið í leikhúsunum í vetur og náttúrlega hef ég skemmt mér þar ágætlega. Líka hef ég verið í öðru Íslendingafélaginu og hef skemmt mér þar vel, bæði með að dansa og hlusta á fyrirlestra og upplestur. Og nú ætlum við kannski að hafa skógartúr í sumar. Annars er félaginu okkar lokið að sinni. –

Valgerður frá Bægisá býr hér mjög nærri okkur. Fyrst var hún hjá okkur en af því við búum á 2. sal mátti hún ekki vera hjá okkur (vegna trappanna) en þurfti að búa í „Stuen“. Vala er heldur betri, hún gengur í allan vetur til læknirs sem elektriserar hana á bakið. Hún verður hér víst í sumar. Hún unir sér svo ágætlega hér. Vala getur ekki gengið úti nema að hún sé leidd. Hún biður kærlega að heilsa þér.

Það hefur beðið alltof lengi með að senda þér ljósdúkinn marglofaða en nú færðu hann og ég vil vona að þér þyki hann ekki ljótur. Það er allra mest brúkað nú að sauma í þá með mislitu. Þú skalt þvo hann mjög varlega úr kaldri soðnri gallsápu. Þótt sagt sé að litirnir séu ekta er því ekki alveg að treysta. –

Vertu nú sæl. Líði þér sem best getur óskað

þín Ella

E.S. Jóhanna biður að heilsa þér. Við Jóhanna förum báðar á fröken N. Zahles skóla 1. maí. Er það ekki gaman fyrir okkur? Ég hef saumað að öllu leyti sjálf dúkinn sem þú færð. Vertu sæl, þín Ella Havstein. –

Kæra Bríet mín.

Það gladdi mig að fréttu að þér hefðuð farsællega eignast dóttur. Ég óska yður til lukku með hana og yfir höfuð að ykkur líði vel.

Yðar Kristjana Havstein

Kaupmannahöfn 5. ágúst 1890

Kæra Bríet.

Bestu þökk fyrir svo ágætt bréf. Þú verður að forlata að ég skrifa þér bara mjög stutt í þessa skipti. Ég er nefnilega orðin svo óttalega naumt fyrir. –

Það var mjög gott að þér þótti ljósdúkurinn fallegur. Það var gaman að þú skyldir brúka hann í fyrsta sinni þegar litla dóttir þín var skírð. Enn hvað hún heitir fallegu nafni. Sendu mér bara „prövekort“ af henni til að láta taka eftir, þær verða miklu fallegri myndir hér. Segðu mér bara hvað þú vilt hafa dúsínið dýrt, – hvort þú vilt hafa þær vandaðar o.s.fr.

Ég hef heyrt fleiri en þig segja að Laufey litla sé falleg. Mamma biður kærlega að heilsa þér og litlu þinni og segist oft mundi hafa komið til þín að sjá hana, hefði hún verið í Reykjavík.

Enn hvað þið hafið heitt heima, – hér er líka mjög heitt nú. Það væri þægilegra að það héldist ekki lengi.

Valgerður Arnljótsdóttir biður kærlega að heilsa þér, henni líður vel en lítið batnar henni hennar gamla veik. – Aumingja Vala, aumt er fyrir hana að vera svona veik.

Okkur þótti heldur en ekki gaman að sjá Jón og Láru systur okkar. Það var rétt af Elíni Briem að koma á þennan fund. Ég er alveg hissa hvað fáir kennarar komu.

Þú spurð mig hvort L. Knudsen² sé búinn að svíkja Sigurlaugu.³ – Nei, það er hann víst ekki. Nú er hann farinn heim og ætli hann fari svo ekki á Prestaskólann heima?

Nú verð ég að hætta, skipið að fara. Forláttu ómerkilegt bréf. Líði þér sem best getur óskað,

þín Ella

² Diðrik Ludvig Knudsen, varð prestur á Breiðabólstað í Húnavatnssýslu.

³ Sigurlaug Björg Árnadóttir, varð prestsfrú á Breiðabólstað í Húnavatnssýslu og síðar kennari á Sauðárkróki.

Kaupmannahöfn 14. janúar 1891

Kæra Bríet!

Gleðilegt nýár og allt gott.

Ég þakka þér fyrir bréfið þitt. Mikla ánægju hefur þú, sem von er, af Laufey þinni, gaman væri að sjá hana. Bráðum kem ég nú heim, þá ætti það nú að geta heppnast.

Það hefur sannarlega verið leiðinlegt fyrir Valgerði að börnin hafa verið svo veik, einkanlega Svava. Valgerður hefur ekkert skrifað lengi fyrr en núna með „Laura“ og þá voru, sem betur fór, börnin frísk. Er Svava eins falleg og Tryggvi? Hér í húsi eru allir frískir í vetur. En hér er svo gríðarlega kalt, þið heima hafið góðan, frostlítinn vetur. Nú er raunar aftur hlýrra. Sæmundur bróðir þinn bað mig, frá þér, að kaupa morgunskó vandaða. Þetta hef ég gjört og sendi þá með dóti til Ragnheiðar mágkonu. Ég valdi þá bestu sem ég sá, fallegt munstur eftir mínum smekk, svo ég vona að þér líki þeir. Ég vissi að fyrir þig er ekki til neins að kaupa neitt ómerkilegt, því þú ert svo gróflega vandlát. Það er líka alveg rétt að vera svo. Þér þykir þeir kannski dýrir, verðið er 5 krónur, en þú verður að gæta að því að stramminn er finni, að mikið er saumað í þá og vel.

Bróðir þinn hélt reyndar, þegar ég seinna sýndi honum þá, að þú hefðir meint að bara væri saumað munstrið í þá, en það vissi ég ekki, líka fengust bara svona. Það er sveimér nóg að fylla þá upp. Sæmundur er búinn að borga þessar 5 krónur og 50 aurana sem eftir stóðu af myndunum.

Það var ekki von að þér þættu þær góðar, mér líkuðu þær langt frá, eins og ég skrifaði þér.

Nú fer H. Friðriksson víst heim með Laura. Skyldi hann, aumingja kallinn, nokkuð hafa upp úr ferðinni? Það heyrir ekkert um Friðrikssons-málið núna. Hvornig bera ættingjarnir heima sig? Þetta er annars voðalega leiðinlegt mál.

Guðlaug Arason kemur líklega ekki til þín, ef ég man rétt. Hún kennir að skrifa, heyri ég, í Reykjavík í vetur og kvað hún gjöra það prýðilega, en ekki lifir hún á því eingöngu.

Er annars ekkert „grínagtugt“ að fréttu frá ykkur? Ég vildi gjarnan heyra það ef það er til. Segðu mér líka eitthvað frá frú G. Briem og því fólki. Ég vil svo gjarnan vita hvernig því líður, en ekkert heyrir maður um það. Viltu heilsa frá Guðrúnu og Imbu kærlega frá mér, ég ætla að skrifa Imbu mjög bráðum. Nú hef ég svo hroðalega mörgum að skrifa að ég læt það víst nú sitja á hakanum. Mamma biður kærlega að heilsa þér og segir að sér þyki gaman að fréttu af Laufeyjar framförum o.s.fr. Valgerður og Jóhanna biðja líka að heilsa þér. Valgerður fer nú líklega heim í vor. Hún er dálítið betri en þegar hún kom hingað.

Forláttu nú þetta bréf. Líði þér vel góða Bríet, vertu svo sem best kvödd af þinni einlægu

Ellu

Kaupmannahöfn 27. febrúar 1891

Kæra Bríet mín!

Þú átt góða þökk skilið fyrir langt og gott bréf og hana færðu hér með. Ég held að þér hafi líkað skórnir fyrst þú ekkert setur út á þá. – Ekkert héðan að fréttu nema allt hið besta. Um tíma í vetur voru allir með lífið í hálsinum út af „bólunni“ sem allt í einu kom upp og öll Kaupmannahöfn þaut í að láta bólusetja sig. Nú eru blöðin hætt að tala um þessi ósköp og er hún þá víst búin að vera, öllum til mestu hugfróunar. Hún breiddist aldrei að mun út því duglega var varnað við henni og allir sem veiktust fluttir út á það sjúkrahús sem er fyrir utan bæinn, og við það var þegar búið að byggja í mesta flýtir við, svo hægt var að taka á móti 300 bólusjúkum í einu. En aldrei fluttust svo víst þangað nema um 50 – og svo á endanum höfðu svo ekki allir svörtu bóluna heldur „skolkoppa“.⁴ Það hefði ekki verið mikil ánægja ofan á allan kuldann að fá bóluna.

Enn sú blíða í veðrinu heima en kuldinn hér. Maður hefur bara alveg verið að drepast úr kulda og svo fer maður nú bráðum að klárast úr hita – ekki gaman að öllu þessu.

Henrik Ibsen er nýlega búinn að skrifa leikrit sem heitir „Hedda Gabler“. Það er einu sinni búið að leika það á Konunglega leikhúsinu en það var pípt út og mikill gauragangur hafði verið í leikhúsinu, og þetta var kennt sjálfu stykkinu en ekki hvernig leikið var. Gaman hefði verið að vera við, líklega verður það nú samt leikið aftur og það er ég viss um að fullt hús verður þá og upphækkað bílætaverðið.

Hefur þú lesið Björnsons „Paa Guds Veje“. Ég hef lesið hana og þykir mér bókin svo ágæt. Ég hef annars, því miður, ekki tíma til að lesa þessar nýju bækur núna – er svo bundin við þessi lærdómsfög.

Þú minnst á Guðlögu Arasen, kemur hún til þín? Hún drífur sig víst vel áfram þarna. Þið verðið að vera góð við hana. – Og hvað er með Mössu, hefurðu heyrt nokkurn nafngreindan sem hún vilji hafa? Ég hef heyrt að hún kæmi hingað í vor og eigi svo að fara til Ribe og vera hjá amtmanni Finsen.

Þú talar um að þú hafir ætlað að senda mér sokka o.s.fr. Mér finnst nú skömm að vera að taka á móti þeim, en af því það er svo dæmalaust notalegt að fá þessa hlýju íslensku sokka, ætla ég þá samt að þiggja þá af þér Bríet mín. Og af því þú biður mig að segja þér hvörnig ég vilji hafa þá, þá segi ég eins og er, og það er þá – (dökkleita) sauðsvarta og ekki fína. Þessir finu fara strax. En hefurðu nú ekki nóg annað með þína ull að gjöra?

Enn hvað það er gaman fyrir þig að flytja bráðum í hús sem þú átt sjálf og svona fallegt eins og það er. – Mamma og Jóhanna biðja kærlega að heilsa þér. Valgerður Arnljótsdóttir er núna út í „Næstved“, er þar að reyna að „Hippnotisme“, en nú kemur hún bráðum og ekki veit ég

⁴ Hlaupabólu (*danska* skoldkopper).

enn hvort henni hefur batnað nokkuð þetta. Hún fer líklegast heim að Sauðanesi í maí. Forláttu nú þetta bréf. Líði þér sem best. – Þess óskar þín einlæg

Ella

Grenjaðarstað 8 apríl 1913.

Heiðræða frú!

Þökk fyrir öll viðskipti.
Þér megið undrast yfir, hve ódugleg ég
er að selja það, sem þér hafið sent mér,
þ.e. hve blá yðar og fyrir lesurinn, en
þér megið ekki misvenda þótt ég segi, að
þingeyiska kvenfélkið er einn ekki órlátt
hvað snærla bláa eða bóttakaupa. Það
er líklega spjallur sér nóg í andlegu efni,
sinsu og traustar vitar. Þessu við einn þér,
með undirskriftum fyrir það svo, að skjalinn
verur þér allri þótt í þessum, svo að í vetur
á fjöluvinnu kvenfélagsfundu fæstest engin
til að skrifa á mitt skjal, hafa líklega verið
hinnar að skrifa sig ummálum, svo að eins
mitt heimili var eftir. Það er líka að verða
dama laust hvað áhuga lausar komur eru í
mítt heimili sínu hér, aukheldur "mólagusta"
komurvar eunnar eru farnar að mika í bláa
stakar miki hvers fjölskrúðlingu og halda hlíf-
gjörðar af þessu hlífðarvæðu á fundum. Þessa
mið als ekki að þengja að munninn?
Jafna, yður finst mið mætti þengja ekki á gegn
því mér, og er það ekki laust við það. Mítt
traust af því, að ég finni spjalla mið als ónýta
þessu komur þessu mið, en annars hvers fjölskrúðlingu.

(María) Elísabet Jónsdóttir (1869–1945) prestsfrú á Grenjaðarstað skrifaði eftirfarandi bréf. Einnig var hún organisti á Grenjaðarstað, æfði kóra og samdi lög.

Bréfið er varðveitt í Lbs 3588 4to.

Grenjaðarstað 8. apríl 1913

Heiðraða frú!

Þökk fyrir öll viðskipti. Þér megið undrast yfir hve ódugleg ég er að selja það sem þér hafið sent mér, þ.e. bæði blað yðar og fyrirlesturinn. En þér megið ekki misvirða þótt ég segi að þingeyiska kvenfólkið er enn ekki örlátt hvað snertir blaða- eða bókakaup. Það er líklega sjálfu sér nóg í andlegum efnum, eins og kannski víðar brennur við en hér. Með undirskriftirnar fór það svo að skjölín voru hér æði þétt í hreppnum, svo að í vetur á fjölmönnum kvenfélagsfundi fékkst engin til að skrifa á neitt skjal. Hafa líklega verið búnar að skrásetja sig annars staðar, svo aðeins mitt heimili var eftir. Það er líka að verða dæmalaust hvað áhugalausar konur eru í réttindamáli sínu hér. Auk heldur „málugustu“ konurnar sumar eru farnar að rita í blöð okkar móti kvenfrelsinu og halda hálfgjörðar afturhaldrsæður á fundum, tíma nú alls ekki að þrengja að „manninum“. –

Jæja, yður finnst nú máske gremja skína í gegn hjá mér og er það ekki laust við það. Mikið kannski af því að ég finn sjálfa mig alls ónýta forgöngukonu þess máls, en ann hreyfingunni af heilum hug. Við eigum líka þingmann og þingmannsklikku⁵ sem rær á móti áhuga kvenna í því efni, svo ekki er von að vel fari.

Ómögulegt að fjölga kaupendum að blaði yðar hér. Þeim þykir, held ég, strembra⁶ kvenréttindahreyfingafréttirnar frá systur sínum í öðrum löndum. Oflítið af matar- og fatafréttum og máske fagurfræði, t.d. ljóðum, sem er lífréttur þingeyinga úr hvaða efni sem tilbúin er.

Svo ætla ég að biðja yður gjöra svo vel og hjálpa mér um nokkur blöð sem mig vantar inn í Kvennablaðið af 5. árgangi sem ég er að búa undir band. Blöðin eru:

Nº 4 í 1908

- 7 - 9 - 10 í 1909
- 6 í 1910
- 4 í 1912

Ég sendi yður 8 af fyrirlestrum Selmu Lagerlöf, einn gat ég selt út frá mér. Einnig sendi ég yður undirskriftaskjölín.

Með kærri kveðju frá okkur hjónum

er ég yðar með virðingu


Elísabet Jónsdóttir

⁵ Þ.e. þingmannsklíku.

⁶ Þ.e. strembnar.

Virði 50 aurans sendi ég yður í frímerkjum. Mig minnir að ég nefndi í bréfi til yðar í sumar að húsfrú Halldóra Halldórsdóttir Geitafelli óskaði eftir 1 eintaki af Kvennablaði yðar.

Sama



Halldóra Bjarnadóttir (1873–1981) skrifaði eftirfarandi bréf. Frá 1901–1908 kenndi hún í bænum Moss í Noregi og er bréfið skrifað þaðan. Halldóra hafði lokið kennaraprófi í Noregi árið 1899. Hún skrifaði fáeinar greinar í *Kvennablaðið* sem Bríet ritstýrði. Árið 1908 gerðist Halldóra skólastjóri barnaskólans á Akureyri en jafnframt fyrsti formaður Sambands norðlenskra kvenna og ritstjóri tímaritsins *Hlímar*. Árið 1946 stofnaði hún Tóvinnuskólann á Svalbarði við Eyjafjörð og starfaði þar til ársins 1955.

Bréfið er varðveitt í Lbs 3588 4to.

Lökkegaden 15 A, Moss

3. mars 1902

Kæra Bríet!

Hvernig stendur á þessum ósköpum, að ég aldrei sé neitt lífsmerki frá þér. Ég nenni ekki að vera að senda og senda þessa ritgjörðarmynd án þess svo mikið sem vita hvort hún er „antekin“ auk þá heldur meir. Ég hef langa rollu hér tilbúna, en skammi mig, ef ég sendi það fyrst þú ert svona leiðinleg! Og ef þú nú hefur tekið þetta inn í blaðið og vilt taka „restina“ sem verður næstum eins stór og það sem þegar er komið, hvað viltu svo borga mér fyrir það, kelli mín? Ég má ekki við að gefa verkin mín. Ég sem er skuldunum vafin. Ég hef líka oft verið beðin að skrifa í blöð hér, og hér er vel borgað, en þetta hefur hingað til tekið upp mikið af tímanum.

Ég er engin afkastamanneskja eins og þú veist, en ekki væri mér óljúft að skrifa hédan dálítið við og við, ef einhver hefði gaman af því, og ef það álitist alandi. – Fyrir þessa ritgjörð, þegar hún er komin öll, vildi ég fá 20 krónur (finnst þér það órímlegt?)⁷, sem þá mættu borgast sem innskrift til Thomsens, við skuldum þar eitthvað töluvert.

Það sem ég hef hér af ritgjörðinni er um raflýsinguna og rafsögunarverksmiðjuna á Kongsvinger, um skólann, trjáplöntun, slöið,⁸ handavinnu stúlkubarna, skósmíðaverkstofa drengja, matreiðsla stúlkubarna og fleira, bókasafn barna og kennara. Enn fremur um unglingafélög, um missionina og um menighedsarbeiðet, hinar ýmsu greinar þess.

Þú skrifar mér þá vona ég bráðum og lætur mig vita hvort þú vilt að ég sendi þetta. Ég hef sent þér tvívegis dálítið „inlæg“, ég veit ekki hvort þú hefur fengið það, það býst ég þó við.

Í sumar á að verða hér kvennafundur fyrir Norðurlönd, eins og þú eflaust hefur heyrt. Þú kemur kannski á hann, ég vona að þú drífir þig. Þá heimsækir þú okkur, þó ekki sé nú upp á mikið að bjóða. Ég verð reyndar líka í Kría⁹ um það leyti. Ég hef séð mynd Laufeyjar í „Husmoderen“, ég efast ekki að hún fái nógar til að skipta bréfum við, svo ættu fleiri börn heima að gjöra.

„Husmoderen“ er ágætt blað, en „Urd“ finnst mér ekki á marga fiska núna.

Okkur líður vel, Guði sé lof, unum vel hag okkar hér á Moss. Allir eru okkur svo góðir. Mamma er að basla við að læra norskuna og ég tala oftast við hana norsku. Ég má til svo hún geti skilið hana þegar aðrir tala við hana.

Hér hefur verið vægur og ágætur vetur. Um páskana fer ég inn til Kristjáníu og heimsæki mína mörgu góðu vini þar. Ég hlakka svo til þess. Prófið höfum við áður, síðast í mars.

⁷ Sbr. dönsku *urimilig*.

⁸ Sbr. dönsku *sløjd*, sem merkir *smíði sem kennslugrein*.

⁹ Kristjánía en það er eldra heiti á Osló.

Ég man þá ekki fleira að skrafa við þig að sinni. Mamma og ég biðjum að heilsa manni þínum og Laufey, og ég svo sérstaklega Héðni mínum.

Vertu svo kærast kvödd af okkur mæðgum. Líði þér ætíð sem best, þér og „Kvennablaðinu“!

Þín einlæg, Dóra

Það er satt, viltu gjöra mér þann greiða að ganga inn hjá Eymundsen og spyrja hvort Ibsens-ritin mín séu seld og biðja þá að búa út reikning yfir það sem ég skulda.

Kannski þú takir hann þá innan í hjá þér.

Þín D

alfr
i
r
ed

Islands

Seyðisfirði 27. 03

Kara Pjet!

Þökk fyrir allt gott.
Pabbi er vist búinn að segja þér
af sjöferðinni og að ég værd eftir
á eskureyri, ég átta mér varult
að ~~minnast~~ svolítið á það
hvernig á því stóð að Hildinn
fór ekki í land á Sandarkrók
og jafnframt að biðja fyrir-
gefningar á því, svo leidis var
að pabbi kallar til mín og
segir að við verðum að komast
strax því báturinn beiði ég
hljóp niður að kalla á Hildinn
en fann hann ekki svo kallað

Friðrika Jónsdóttir (1881–1964) skrifaði eftirfarandi bréf. Hún var meðal annars handavinnukennari í Múla á Seyðisfirði.

Bréfið er varðveitt í Lbs 3589 4to.

Seyðisfirði 28/7 1903

Kæra Bríet!

Þökk fyrir allt gott. Pabbi er víst búinn að segja þér af sjóferðinni og að ég varð eftir á Akureyri. Ég ætla nú samt að minnast svolítið á það hvernig á því stóð að Héðinn fór ekki í land á Sauðárkrók og jafnframt að biðja fyrirgefningar á því. Svoleiðis var að pabbi kallar til mín og segir að við verðum að koma strax því báturinn bíði. Ég hljóp niður að kalla á Héðin en fann hann ekki. Svo kallaði ég upp á Commandóbrú en hann tók ekki undir. Í því kemur pabbi og segir mér að koma strax, hann geti beðið fyrir að taka Héðin seinna og það gerði hann líka, en Héðni hefur víst þótt að fórum á undan honum því pabbi bað tvo fyrir að taka hann en hann vildi ekki. Ég vona þú takir það ekki svo að við höfum ekki viljað lofa honum að verða samferða því það var sannarlega ekki meiningin.

Við Solla vorum 8 daga á Akureyri. Lögðum á stað á miðvikudagsmorgun og urðum samferða Ingólfi lækni og konu hans norður í Ljósavatnsskarð. Þá fórum við út í Ystafell. Næstu nótt vorum við á Öndólsstöðum. Á laugardagskvöld komum við að Halldórsstöðum í Laxárdal og töfðum þar litla stund. Ég talaði við Héðin, mér fannst honum muni ekki þykja skemmtilegt þar, en ekki vildi hann játa að sér leiddist. En hann var hress í útliti enda var hann nýkominn með ærnar. Hafði hann setið yfir með Bergþóru.

Hann fékk ekki koffortið fyrr en þá um kvöldið og hafði hvorki pappír eða annað til að skrifa þér, svo hann var nú hálf eyðilagður út af því, svo ég ráðlagði honum að fara til Þórarins og biðja hann að hjálpa sér um það. Þeir eru held ég mestu mátar. Svo hafðir þú ekki skrifað honum með „Hólar“. Ég bað Lizzie¹⁰ um að sjá til að hann kæmi yfir að Kasthvammi morguninn eftir. Og svo kom hann morguninn eftir með rúmteppið.

Ég verð að biðja þig að fyrirgefa þetta bréf að öllu leyti. Þú þekkir hvað mér gengur illa að skrifa bréf og svo hafa alltaf verið gestir í allan dag.

Vertu ævinlega blessuð og sæl

Þess óskar þín

Friðrika Jónsdóttir

Kær kveðja frá mömmu og Solla. Ég bið að heilsa öllum.

¹⁰ Lissie Þórarinsson (1875–1962) sópransöngkona. Lissie var gift Páli Þórarinssyni bónda á Halldórsstöðum í Laxárdal. Lissie varð einna fyrst kvenna til að syngja inn á plötu hér á landi.

Seyðisfirði 22/9 1903

Kæra Bríet!

Ég þakka kærlega fyrir bréfin og sendinguna. Ekki er ég farin að sníða lífið, og verður víst ekki fyrst um sinn, því ég er orðin eins feit og digur og ég var um tíma í vetur sem leið. Mér þykir mjög gott ef þú vilt senda mér móðblöð¹¹ við og við. Það gengur svo illa með þessi blöð sem við höfum keypt, höfum ekki fengið blöð síðan í maí.

Hrædd er ég um að Héðni sé orðið mál að komast heim. Hann hefur eiginlega aldrei verið neitt kátur eða fjörugur þennan tíma en ekki heldur með neinum leiðindum. En ég er hrædd um að honum hafi leiðst þó hann reyni að leyna því. Hann varð bara hálf aumur þegar hann frétti að Laufey færi inn að Laugarnesi og spurði því hún ætti að fara þegar hann kæmi. En ég hughreysti hann með því þú gætir illa séð af báðum í einu.

Ég fann ég átti skilið að þú snupraðir mig fyrir að hylma yfir með Laufey og Birgi. Bið þig að fyrirgefa mér það ef þú getur. Mér fannst alltaf eftir að ég komst að því, að ég standa eins og sek frammi fyrir þér og leið satt að segja illa þess vegna. En á hinn bóginn vonaði ég að svona mundi fara, það er að segja Laufeyjar megin. En ég er hrædd um að Birgir sleppi ekki eins vel, ekki síst ef hann finnur að skuldinni er skellt á hann. Mér finnst þau jafn sek bæði og jafn mikil börn bæði, þó hann sé eldri þá er hún þroskaðri.

Mig langar að biðja þig stórrar bóna. Kaupa fyrir mig svartan, eins og í er mínum kjól, í kjól handa Sollu, 8–9 álnir. En þú skalt ekki hugsa um það ef það fæst ekki sams konar. Heldur þú vildir gera svo vel og útvega mér 10–20 potta af rífsberjum á 16 til 18 aura pottinn hingað kominn, og senda það annaðhvort með „Hólar“ eða „Ceres“ svo við getum sent andvirðið með „Hólar“.

Mamma biður kærlega að heilsa og vonar að þú lofir Laufey að reyna hvort henni leiðist hér þó hún verði hér mánaðar tíma. Ég bið að heilsa inn að Laugarnesi og eins Bjarna.

Fröken Anna Ásmundsdóttir skrifaði mér með „Hólar“ og sendi mér munstur af höttum og bað mig að sýna þau hér. Því miður hefur mér ekkert orðið ágengt. Allar sem ég hef talað við verið búnar að panta sér hatta. En ég ætla að hafa blaðið lengur ef skeð gæti að ég kæmi einhverjum til að panta þó ekki væri nema einn. Vilt þú gera svo vel og segja henni það?

Fyrirgefðu allt kvabbið.

Með ósk um góða líðan

þín Friðrika Jónsdóttir

¹¹ Tískublöð.

Múla 27/10 1903

Kæra Bríet mín!

Ég þakka innilega fyrir síðasta bréfið og sendinguna sem ég varð mjög glöð yfir að fá í fyrstu. En þegar ég fór að skoða berin voru þau mjög skemmd, aðeins 7 pottar notandi, en það var nú samt gott og blessað að fá þau.

Það gengur ekki svo lítið á hér um þessar mundir. Sýslumaður Axel Tulinius kom hingað með Agli að sunnan til að rannsaka „Oddrúnar-málið“ svokallaða og er því heldur spenningur í mönnum að ná í fréttirnar, sem eru nú heldur litlar því sýslumaður hefir bannað öllum vitnunum að segja nokkuð.¹² Svo það sem maður fréttir er að miklu leyti lygi, sem betur fer, því ef það væri allt satt undi enginn ærlegur maður á Seyðisfirði. Svona er blessað fólkið sem við eigum að umgangast með glöðu geði og vita þó að það er varla einn sem ekki vildi okkur niður í skítinn með. Þetta er ljótt en satt samt.

Að öðru leyti líður okkur vel. Pabbi kom heim seint í september og fór til Englands eftir fáa daga og kom svo til baka með „Vestra“. Hann býst við að verða heima til nýjaárs en ekki lengur. Við eigum von á Friðu að norðan með „Ceres“ og erum því orðin heldur óstillt yfir hvað henni seinkar. Fríða átti að koma með „Hólar“ í september en þá voru þurrkarnir hvað bestir fyrir norðan svo það var víst ekki hentugt að flytja hana til Húsavíkur. Mamma al[gerlega] eyðilögð og heldur bara hún muni ekki koma.

Því miður get ég ekki sent þér borgunina fyrir berin núna því ég er orðin of sein með bréfið. Fór ekki að skrifa fyrr en „Hólar“ voru komnir.

Berðu kæra kveðju til Bjarna, Bjössa, Héðins og Laufeyjar, ef ég ekki hef tíma til að skrifa henni.


Vertu svo best kvödd af

þinni

Friðriku Jónsdóttur

Mamma, pabbi, Solla og Árni biðja öll að heilsa.

¹² Hér er vísað í þjófnaðarmál sem upp kom á Seyðisfirði. Oddrún Sigurðardóttir (1860–1924) bar á nafngreinda menn í bænum að vera valdir að peningahvarfinu á sýsluskrifstofunni.



Guðbjörg Stefánsdóttir (1863–1937) í Garði í Mývatnssveit skrifaði eftirfarandi bréf.

Bréfið er varðveitt í Lbs 3589 4to.

Garði 30. apríl 1901


Kæra frú!

Ég hefi lesið grein yðar um Norræna kvenfélagið í Nr. 2 í Kvennablaðinu. Og þegar við í guðmóði þessarar nýju aldar mynduðum kvenfélag hér í sveitinni á kvenfundi sem haldinn var á sumardaginn fyrsta í nýja þinghúsinu á Skútustöðum, nú þá hugsaði ég að æskilegt væri að leita upplýsinga hjá yður og fleirum um ýmislegt viðvirkjandi starfsemi annarra kvenfélaga, ef ske kynni að vér með tíð og tíma yrðum svo þroskaðar að vér gætum verið með og tekið höndum saman við systur vorar út um land og mäske erlendis.

Nú þó ég viti mörg vandkvæði á því að skrifast á við erlendar konur, líklega á dönsku, þá kom mér þó í hug að reyna slíkt með yðar tilstyrk og milligöngu, svo sem um uppeldi og menntamál, við norska eða danska, helst norska, kennslukonu. Og vil ég því biðja yður að gera þá ráðstöfun þessu viðvirkjandi sem yður sýnist. Þér sjáið að ég geng út frá bróðerni í þessu máli, og að ekki verði litið á að ég er lítið menntuð bóndakona en engin dama eða lady.

Með kærri kveðju og hamingjuósk

yðar Guðbjörg Stefánsdóttir



Guðný (Jónína) Oddsdóttir (1873–1947) skrifaði eftirfarandi bréf. Foreldrar hennar bjuggu á Síðu í Vesturhópi. Hún varð síðar verslunarstjórafrú á Hólmavík.

Bréfið er varðveitt í Lbs 3589 4to.

Síðu 10. maí 1901

Kæra elsku Bríet!

Hafðu hjartans bestu þakkir mínar fyrir allt ágætt sem þú hefur auðsýnt mér frá því fyrsta og nú síðast fyrir komuna í sumar.

Þér má þykja það æði undarlegt að fá bréf frá mér, þar sem ég hef aldrei skrifað þér, en orsök er til alls og svo er með þetta líka. Það er þá ástæðan með þetta að ég fer að pára þér þessar línur, að ég þarf að biðja þig að gjöra svo vel og breyta utanáskriftinni á „Kvennablaðinu“ til mín, vegna þess að við erum bráðum alflutt frá Síðu, vestur á Hólmavík í Steingrímsfirði. Ég þykist nú vita að það muni einhver hér úr dalnum vera búin að skrifa þér þessa breytingu á högum okkar.


Já, mikið hefði mér þótt vænt um ef þú, kæra Bríet, hefðir verið horfin til okkar 7. mars í vetur því þá hefði ég haft þá ánægju að geta sýnt þér kærastann. Hann heitir Jón Finnsson og er verslunarstjóri á Hólmavík fyrir Riis á Borðeyri. Svo þau hætta nú að búa pabbi og mamma og fara með mér þangað vestur og er það allra besta fyrir mig að þau bæði eru ánægð með þessa breytingu. Því ef að þau hefðu ekki verið ánægð með það, þá hefði mér alls ekki dottið í hug að ganga þessa götu, það er að segja út í þetta hjónaband. Ég hef svo lítið álit haft á hjónabandinu en nú er ég náttúrlega breytt í þá átt.

Fátt get ég sagt þér frá Þorkelshóli. Það er víst allt með sömu merkjum og í sumar þegar þú varst hér á ferðinni. Það er víst sannarlega kominn tími til fyrir mig að fara að hætta þessu ljóta rissi sem ég bið þig umfram allt að fyrirgefa hvað það er illa gjört að öllu leyti. Okkur mömmu mína langar ósköp mikið til að fá að sjá línu frá þér og vita um líðan þína.

Ég á að skrifa kæra kveðju til þín frá mömmu og pabba. Kveð ég þig svo og óska að þér og þínum líði sem allra best.

Þín einlæg

Guðný Oddsdóttir



Guðrún Bjarnadóttir í Stykkishólmi skrifaði eftirfarandi bréf.

Bréfið er varðveitt í Lbs 3589 4to.

Stykkishólmi 8. mars '95

Góða leiksystir.

Takk fyrir tilskrifð í vetur. Nú er þá blaðið þitt komið en ekki hef ég enn fengið fleiri kaupendur. Ég er ekki enn þá búin að fá svar frá þeim sem ég hef sent það, en þú hefur sent mér nokkuð fleiri, en næst læt ég þig vita hvurt fleiri hafa komið. En þó að þú sendir þau þá fleiri næst, eins og núna, gerir þér ekkert til. Ég hef lesið blaðið lauslega. Fyrir mitt leyti sýnist mér það fara vel á stað. Mér sýnist ekki að þú setjir mikið í það um matartilbúning. Í öllum verslunarstöðum hefur fólk kokkabækur og upp um allar sveitir Elínar Briem matreiðslubók, en þú ræður því samt.

Nú hætti ég að tala um blaðið þitt en nú ætla ég að biðja þig að vera mér hlynnt með nokkuð, það er ekki svoliðis að það sé í eigingjörnum tilgangi. Svo er mál með vexti að við nokkrar konur hér höfum reynt að safna til tombólu og þeim peningum á að verja til barnaskóla. En af því að ég veit að þú ert öllum framförum hlynnt, þá ætla ég að spurja þig að hvurt þú vildir nú ekki vera svo góð og gefa eitthvað til þessarar fyrirhuguðu tombólu. Við sendum þessa bænaskrá okkar kunningjakonum og kunningjum. Það er ekki ætlast til mikils. Okkar bón er að það sé annaðhvert í peningum eður munum. Ég vildi óska að þú sýndir manninum þínum þessa bænaskrá. Við höfum hugsað okkur að hún yrði að sumri komanda. Hér hefur aldrei verið barnaskóli. Það er verra en undir Jökli, þeir eiga skóla. Hér er þó fjöldi af börnum. Ég hef skrifað fleirum þessháttar bréf og hef fengið góðar undirtektir.

Fyrirgefðu mér þetta, ég er komin í skömm, það á að fara að loka. Lifðu ætíð vel. Þess óskar þín einlæg leiksystir.

Guðrún Bjarnadóttir

Stykkishólmi 14. desember

Góða leiksystir.

Takk fyrir tilskrifð. Þó stutt væri hafði ég samt gaman af því. Ég hef verið að hlaupa með þetta boðsbréf þitt um allar trissur. Það versta er að það er búið að ganga sér svo til húðar að það er ekkert eftir af því. Ef að þú vilt hafa fyrir að senda mér eitt til þá máttu það, ég skal reyna við fleiri. Ég er búin að safna liðugum tuttugu, ekki víst að hinum gangi betur hér sem fengið hafa boðsbréfið. Ég ætla að reyna við konur í sveitunum í kring ef að þú sendir mér boðsbréfið.


Ég óska þér til lukku með þitt nýja blað og þinna vegna vildi ég að blaðið yrði sem skemmtilegast og fróðlegast því kvenfólk hefur tekið svo vel undir þessi blaðakaup. Hvenær heldurðu að það muni koma fyrst út? Ég er nú ekki að stappa meir um þetta.

Héðan er ekkert að fréttu nema okkur líður öllum vel. Stína mín kristnaðist í vor en Björn minn er nú tólf ára. Hann er hér á barnaskólanum en Stína mín lærir ekkert í vetur nema að spila á orgel. Pabbi hennar gaf henni það í vor. Hún á ekki bágð með að læra neitt, hann á ekki eins gott með að læra. Reyndar er ekki að marka stráka á þessum aldri, þeir hugsa meira um að leika sér.

Blessuð fyrirgefðu þetta risp. Að endingu óska ég þér gleðileg jól. Það óskar þín leiksystir

Guðrún Bjarnadóttir

P.S. peningana sendi ég seinna.



Guðrún Bjarnhéðinsdóttir (1859–1900) systir Bríetar skrifaði eftirfarandi bréf. Hún varð á endanum húsfreyja á Halldórsstöðum í Laxárdal í Þingeyjarsýslu. Á þeim tíma sem Guðrún skrifaði bréfin voru ekki til samræmdar reglur um stafsetningu og því má gjarnan sjá framburðarstafsetningu í einkabréfum. Mikið er um slíkt og ýmsar rósir í stafsetningu Guðrúnar sem gætu verið forvitnilegar fyrir málfræðinga.

Fyrir sagnfræðinga væri áhugavert að skoða þær systur og menningarumhverfi þeirra. Þær ólust upp undir sama þaki og ætla má að þær hafi verið nestaðar á sama hátt út í lífið, aðeins þrjú ár skildi þær að í aldri. Guðrún varð hins vegar húsfreyja á sveitaheimili en Bríet í Reykjavík. Forvitnilegt væri að athuga varðveitt bréf systranna til að sjá aðstöðumun þeirra og ólíkt menningarlegt auðmagn. Um Bríeti hefur margt verið skrifað og nafni hennar haldið á loft en um Guðrúnu vitum við harla lítið. Í *Nýjum kvöldvökum* árið 1951 birtust endurminningar Kristjáns S. Sigurðssonar sem var vinnumaður hjá Magnúsi og Guðrúnu á fyrstu búskaparárum þeirra. Ekki fær Guðrún þar háa einkunn og má vera að hún hafi strokið honum öfugt fyrst þetta er útkoman:

Guðrún Bjarnhéðinsdóttir var ekki nein fyrirmyndar húsmóðir. Hún var stórlát, skapmikil og fremur óþrífín, en taldi sig með heldra fólki og vildi láta líta á sig sem allhátt hafna yfir algengt almúgafólk. Einhverja menntun mun hún hafa fengið í æsku,

og sóttist hún mikið eftir bókum til lesturs. En oft fannst mér hún gera það meira til að sýnast heldur en af menntaþrá, og heldur var hún lítið gefin. (6)¹³

Bréfin eru varðveitt í Lbs 3590 4to.

¹³ Kristján S. Sigurðsson, „Endurminningar Kristjáns S. Sigurðssonar. Ágrip af sjálfsæfisögu“, *Nýjar kvöldvökur* 44, 2 (1951):6–52.

Hvammi 28. dag mars 1876

Hjartkæra systir!

Bestu þakkir fyrir bréfið þitt síðasta með pósti. Ég er orðin hrædd um að þér þyki ég löt að skrifa þér ekki með þeirri ferð aftur. Ég gat það ekki því póstur fór hjá fyrr en varði. Þú segist verða hálfvond í hvert sinn sem þú opnir bréf frá mér. Ég hélt þess vegna að væri ekki gustuk fyrir mig að vera orsök í því í hvurt skipti!!!

Loksins sendi ég þér myndina. Ég sat fyrir brjóstmynd og almynd. Sú fyrrnefnda tókst illa eins og þú sérð. Ég get ekki liðið hana – hún er svo hlægjandi og glannaleg og skuggarnir í munnsvipnum. Arnór sagði að ég væri svo alvarleg að ég yrði langtum brúnaþyngri en náttúrlega svo Gunna reyndi með öllu móti að koma mér til að hlægja. Hún var útsetin með það þegar ég var sest niður hvörnig sem Arnór vísaði henni burt. Almyndin þykir lík mér nema axlirnar þykja hafa tapað sér. Ég vona þú lofir mér að heyra hvað þér verður að orði þegar þú sérð brjóstin. Ég er búin að gjöra þér upp orðin. Mér var það að ég hugsaði ljótt og talaði. Mér lá við að láta þær í eldinn. Ég hefði ekki tekið þær ef ég hefði séð þær í tíma, ekki eru þær gefnar.

Þú sérð að ég get ekki betur en senda þér tvær. Ég er búin að ætla að senda þér lokk úr hárinu á mér ef ég hefði ekki fengið myndina.

Vænt hefði mér þótt um að þú hefðir útvegað mér kjólinn en ég get ekki borgað hann núna sem stendur, ég lét það fyrir myndirnar, fjórar kosta þrjár krónur af hverri fyrir sig.

Þú segir mér að láta þig vita hvort ég vilji fara norður á Húsavík. Ég veit ekki hvað ég á að segja, ég er svo ókunnug, þú ert kunnugri. Ég vil burt úr dalnum, ekki langar mig í mitt gamla pláss þó mér séu allir góðir. Ég hef ekki þreyju þar með fólki, ég get ekki huga mínum. Ég get sagt eins og Kristján Jónsson: Minnst ég æ / þeirra yndis-stunda / er bernsku árróði / brann mér á kinnunum, og svo framvegis. Það er rétt að drífa mig og gjöra ráð fyrir að koma. Heldur þú að fengist ekki nein tilsögn að vetrinum ein hvern tíma, til munns eða handa? Náttúrlega þætti mér það best ef kostur væri á því.

Jóhanna í Kambhól vill endilega að ég komi aftur í vor. Ég skuli hafa fría húsmennsku ef ég vil koma. Hún sagðist ætla mér veturgamla kind í sumar en þau ætla að hafa ábyrgð á henni til hausts, ef ég vil. Ekki veit ég hvað ég gjöri, hvort ég fer að Kambhól eða ekki. Kristjana er á Kjalarlandi. Guðmundur Skarphéðinsson á að fara á Tugthúsið bráðum fyrir þjófnað. Meira nenni ég ekki að skrifa um það ólukku þakk.

Valgerður var á Lækjamóti í sumar í bænum hjá Margréti, mest upp á stáss og skemmtun og hafði gott kaup fyrir munninn. Hann er henni betri en lítilfjörlegt kot. Það fellur víst í góða jörð sem hún og Hvolfsfólk lýgur á Lækjamóti. Það gleður mig að það á Þverá er ekki farið að trúa því. Mér gramdist hvað Valgerði tókst að skrökva að Þórunni og því öllu, en ég trúði ekki henni. Ég sá hana í Hvammi í haust en forðaði mér frá að tala við hana.

Þuríður biður að heilsa þér og þakkar fyrir tilskrifnið. Hún býst ekki við að skrifa þér í þetta sinn.

Mál er nú að hætta þessi klóri. Þú sérð að skriffærin eru ómerkileg. Að endingu kveð ég þig elsku systir og óska línur þessar hitti þig glaða og heilbrigða. Guð gefi þér gleðilegt í hönd farandi sumar. Það er ósk þinnar unnandi systur.

Guðrún Bjarnhéðinsdóttir

Heilsaðu frá mér Kristínu Guðjónssen. Brenndu blaðið og lestu í málið. Margt gætum við haft að tala saman ef ég gæti hvorfíð til þín. Á sumardaginn fyrsta ætla ég að vera hjá þér í anda fyrst ekki er hægt að ... vegalengdinni að banna það.

Bréfið sem þú skrifaðir með febrúarferðinni er það fyrsta bréf frá þér þetta ár síðan þú komst norður, sem ég fékk með góðum skilum, og það eina líka sem komið í hefur póstattösku. Eftir átta vikur liðugar fékk ég bréf sem þú skrifaðir á nýársdag. Það kom upp rífið framan úr dal.

G.B.

Halldórsstöðum febrúar 1894

Kæra systir mín!

Þökk fyrir bréfið þitt með síðasta pósti. Nú er elsku litla Bergþóra orðin frísk. Hún var mjög lengi mjög lasin. Ég var orðin hrædd um að hún fengi ekki að lifa hjá mér. Mér fannst það svo þungt ef ég yrði að sjá henni á bak strax en Guði sé lof að hann gaf henni aftur heilsu.

Magnús hefur verið við rúmið nærri hálfan mánuð. Orsökina til lasleika hans var sú að hann datt og meiddi sig, mest í hægri öxlinni. Síðan hefur hann ekki getað tekið til höndinni til nokkurs hlutar. Það er þó bággt ef hann verður lengi svo. Þú spurð mig hvort fyrir norðan muni fást einn góður vefmaður á gólfteppi, eins og fyrir sunnan. Ég get verið hálf hrædd um að það verði ekki. Ef til vill helst kynni það að verða ef Kristján Hjálmarsson tæki það. Þó get ég engan veg ábyrgst að þér líki það og eins veit ég ekki nema það verði dýrara þó hann fengist til að taka það, sem ég veit ekki fyrir víst. Ef þú vilt skal ég þvo og lita, hvort sem það fer svo suður eða ekki.

Engar fréttir man ég að skrifa þér sem fréttir geti heitið. Þó ætla ég að minnst á Pál herna. Hann er í Skotlandi í vetur. Hann er nú trúlofaður þarlandri dömu.¹⁴ Hún er dóttir Grants gamla ef þú manst að Gunna gæti um hann við þig. Gunna átti mynd af henni og tveimur bræðrum hennar á sama spjaldi. Þú manst líkalega ekki eftir henni. Þau koma að líkindum bæði í vor. Páll hefur sagst koma í júní en orðar ekki konuefnið. Þó biður hann Svein að sé kominn upp endinn sinn í húsinu og eins að útvega vinnukonu, svo auðséð er að kona á að koma.

Þú getur nærri að ég hlakka ekki til svona lagaðrar breytingar. Það verður ekki svipaður búskapur hjá þeim bræðrum þar sem vantar flesta hluti og allt gengur á tréfótum hjá okkur, en Páll orðinn nærri grósseri síðan hann fór að versla og allir skulda honum peninga, svo með því eru margir skyldir að lúta honum. Ég skyldi gefa yfir höfuð nokkuð til að mega vera hér einbýli en að öðrum kost að geta komist í burtu svo við gætum verið út af fyrir okkur. Mér finnst Magnús ekki þrífast vel með fólki sínu, en það er ekki víst að þetta sé satt þó mér finnist það svo.

Fyrirgefðu flýttirsklórið og berðu Valdimar kæra kveðju frá mér. Við Bergþóra biðjum að heilsa krökkunum þínum og óskum ukkur líði sem best getur óskað þín systir

Gunna

¹⁴ Lissie Þórarinsson (1875–1962) sópransöngkona, svilkona Guðrúnar Bjarnhéðinsdóttur. Lissie var gift Páli Þórarinssyni bónda á Halldórsstöðum í Laxárdal.

Halldórsstöðum 18. júlí 1895

Elskulega systir!

Kæra þökk fyrir alla útvegina. Ekki er ég samt búin að ná kvartilinu að innan. Ég var svo óheppin að svo margar ferðir urðu inn eftir, rétt áður en ég fékk bréfið frá þér, en enginn nú sem ég veit um, sem til baka fari, svo ég veit ekki hvað lengi það má bíða á Akureyri ef til vill og hefði ég samt fengið góða ferð með skóna suður, ef þeir ekki passa, sem ég vona verði. Ég vildi óska kápan yrði líka of stór núna, það er víst betra. Hún fær ekki svo fljótt aðra þó hún lifi til. Blái kjóllinn sem hún fékk í vetur er rétt mátulegur orðin og léreftskjólarnir sem þú sendir eru, að mér þykir, rétt mátulegir á síddina. Hún þagnar aldrei á Laufey¹⁵ og hún sendi henni allt sem hún fær, að Bergþóra segir.

Ekki get ég sent band til þín með þessari ferð, hvað sem seinna verður. Við getum ekki haft frið til að tala, ég var að láta takan ofan af ögn, bæði sem Bergþóra á og ögn við áttum. Það sem hún á sendi ég til þín í sumar til að selja. Heldur þú ekki sé gott að lita ögn svart af því? Aldrei hefur þú sagt mér hvort þér líkaði sokkarnir í fyrra eða hvort þeir voru nógu stórir, það þætti mér gott að vita. Mig langar til að láta ekki líða svo sumarið að ég ekki sendi sokka til krakkanna ef þau gætu notað það.

Héðan er ekki neitt að fréttu. Okkur líður öllum nokkuð vel hér. Nú er Sveinn farinn frá Páli og farinn að búa sér. Ekki er neitt fólk hjá honum nema Gunna systir hans og Karl, að hálfu líklega í sumar aðeins hjá Páli, en ekki nema Karl að parti og kaupakona um sláttinn, en drengir Sigríðar hættu búskap að nafninu til og fara austur í kaupavinnu. Ég veit ekki hvort þeir koma í haust eða ekki. Þó þykir mér það líkara að Jón komi í haust, hann keypti Mývantssveitarspunavélina í hittifyrri og spinnur á hana að vetrinum, svo þú spurð að hann getur haft góða atvinnu. Rúna fór í Öndólsstaði fyrir kaupakonu en Þóra er heima hjá mömmu sinni.

Ég man eftir mjög fáum sem dáíð hafa og þú þekkir, nema einni kellingu sem drekkti sér fyrra sunnudagsmorgin. Kerlingin hét Guðrún, systir Sigríðar, konu Jóns Pálssonar, Sigríðar sem hengdi sig í fyrra. Guðrún var kona Jónatans Hjálmarssonar ef þú hefur þekkt hann. Kerling fór út á Tjörnes til að heimsækja dóttir sína sem býr á Kvíslarhóli og var búin að vera þar eitthvað þegar þetta vildi til. Á laugardag kvöldið var dóttir hennar að biðja hana koma með sér fram á Húsavík því þar ætlaði önnur dóttir kerlunnar að gifta sig, en kerling sagðist skyldi segja henni það á morgun. Það yrði eftir því sem á sér lagi þá. En þegar fólkið kom á fætur var sú gamla komin úr rúminu og fannst svo fljótlega. Hún hafði aldrei náð sér síðan hún lá í inflúensuveiki.

Þegar búin að fjölyrða þetta um of og blaðið þrotið. Magnús biður að heilsa þér og hann muni senda þér band með næstu ferð.

¹⁵ Hún talar stöðugt um Laufeyju.

Líði ukkur sem best getur óskað, þín ónýt systir Gunna

Halldórsstöðum 28. desember 1895

Elskulega systir!

Þökk fyrir bréfið og útvegina á skónum frá Þverá en ekki veit ég hvurnig þeir hafa líkað. Ég get ímyndað mér að þeir hafi þótt lélegir. Ég gat ekki fundið Halldóru og talað sjálf við hana því þar eru mikil veikindi síðan í haust og er það sögð taugaveiki. Begga í Garði flutti hana þangað. Veikin hafði verið þar snemma í sumar og kallað influensa blönduð taugaveiki. Begga lagðist á öðrum degi eftir hún kom í Þverá. Hún lá aldrei mjög þungt, svo þegar henni fór að skána lagðist vinnukona og svo Jón bóndinn. Hann liggur enn og ég held að hann sé samt á batavegi. Eitthvað lítið fyrir rúmri viku lagðist sá fjórði, það er vinnumaður þar. Fleiri hafa legið en ekki í taugaveiki. Halldóra eignaðist barn fyrir jólin. Það er stúlka. Þú heyrir að þar er ekki góðar kringumstæður í þetta sinn. Aumingja gamla Bergljót, hún hefur ekki átt skemmtilegt. Fáir til að þjóna henni og svo að geta ekki séð nokkra manneskju utan heimilis, það var þó oft orðið hennar mesta skemmtun. Hún sýndist orðin svo einmana á Þverá af vinum. Sunnudaginn fyrir jól lét hún flytja sig í Garð. Þar verður hún í vetur og líkur til að hún fari ekki heim í Þverá aftur. Ekki er það samt talað nema í hálfum hljóðum. Ég fyrir mitt leyti sakna hennar úr nágrenninu, en hvað er að tala um það.

Héðan ekki neitt nýtt. Öllum líður bærilega. Ég er búin að vera mikið lasin langan tíma en er nú farin að vera á fótum aftur, þó hálf lasin sé. Það er margt sem að mér gengur, eins og oft var og þú þekktir. Það er nú samt ekki mikið þegar ég ræflast á fótum. Blöndal liggur einlægt svo ekki er hægt að vitja hans hvað sem á liggur.

Elsku Bergþóra er mjög heilsugóð, henni verður aldrei misdægurt. Hún er skemmtileg og frábær nokkuð hvað vöxt snertir, há og grönn. Það er leiðinlegt að geta ekki fengið mynd af henni. Gunna Þórarins býr með Sveini bróðir sínum þetta ár en ekki veit ég hvernig hún hefur það eftirleiðis.

Magnús biður kærlega að heilsa ukkur, hann ætlaði endilega að skrifa þér upp á reikninga ukkar. Ég veit ekki hvort hann kemst til þess eða ekki. Hann verður að vera í vélahúsinu öðru hverju þegar aðra ber frá. Eins þykir honum slæmt að þú skyldir ekki sjá um að í hvert sinn sem þú borgar brunabótargjald fyrir hann, sendir ekki kvitteringuna til hans. Hann hefur ekki fengið þær fyrir tvö seinustu árin. Mig minnir frú Jónassen borgaði annað árið.

Það kviknaði í húsinu rétt fyrir¹⁶ jólin. Það varð að vísu ekki mikið úr, því margir til að slökkva og svo varð blækýrrt rétt á meðan á þessu stóð. Annars er mjög hæpið að nokkru hefði orðið bjargað. Sumir ráða til að láta virða þá skemmd sem varð en hann er hálf hræddur að fá sýslumann fram hingað þegar hann hefur ekki kvitteringarnar í höndunum.

Að endingu kveð ég þig kæra systir og óska ukkur öllum alls góðs á komandi ári.

¹⁶ Í bréfinu stendur: furir.

Þín systir Gunna

Bergþóra biður að heilsa krökkunum og bað að segja hún sé þekk og góð við mömmu sína.

Halldórsstöðum 22. nóvember 1896

Elskulega systir!

Ekki gengur vel með bandið sem þú skrifaðir Magnúsi um og baðst að kæmi með Vestu. Hún átti að koma á Akureyri fyrir viku en ég veit ekki hvort hún er farin hjá eða ekki. Póstur kom með bréfið frá þér í gær. Það var óheppilegt að vita þetta svona seint. Magnús var inn á Akureyri en fór á mis við pósthreftin. Ég veit honum þykir það mjög slæmt þegar hann kemur heim. Hann einmitt fór með svo mikið af móræðu bandi, ólofuðu, sem hann hefði strax sent til þín ef bréfið hefði komið ögn fyrr. Er nokkuð gagn að senda það með fyrsta skipi í vor? Það er svo dýrt að senda það með landpósti. Ef þið viljið kosta því til mun það verða til og selt með þriggja krónu prís að heiman eins og hefur verið, þá kostar það 4 krónur komið til Reykjavíkur. Það verður að láta vita með næsta pósti hvað þið viljið með þetta.

Héðan ekkert að fréttu. Tíðin óstillt og yfir höfuð mjög slæm en heilbrigði það ég veit, nema gamli Þ.G. á Húsavík er búinn að liggja mest allt síðan um réttir af fingurmeini. Honum hefur ekki verið ætlað líf en samt hef ég frétt að hann sé á batavegi nú. Við erum öll vel frísk og líður vel eins og vant er. Elsku Kolfinna er skemmtileg og falleg. Mér sýnist ennið svo líkt mömmu okkar sálugu. Ég hugsa oft að þér þætti gaman að sjá móta fyrir húsið sem við kölluðum á enninu á henni.

Bergþóru þykir ósköp vænt um systur sína. Ekki samt eins eða valla eins og Laufey og Héðin. Það eru ekki ófullkomnar manneskjur í hugsjón hennar. Ég á að skila kveðju frá Bergþóru til systkinanna og biður mig [sic] að skrifa sér, en hún getur samt ekki skrifað henni aftur því enginn kenni sér að skrifa. Auminginn, það er lítið hugsað um hana og ekkert kennt.

Sagði ég þér ekki að bandögnin sem þú fékkst í haust kemur ekki til reiknings.

Við óskum ukkur gleðilegra jólahátíðar, þín ónýt systir

Gunna

Halldórsstöðum 27. apríl 1898

Elskulega systir!

Fyrst og fremst óska ég þér og þínum gleðilegt sumar. Og þarnaest að þakka þér bréf og sendinguna með Benidikt á Auðnum en héðan er ekkert nýtt að fréttu og sem ég man í fljótu bragði. Við erum hér hálfslasin af vondu kvefi, þó er ég hvað verst og aðeins kvel mig á fætunum. Ég sendi þetta bréf með Benidikt gamla Sveinssyni sem hefur verið hér í tvær nætur en er nú að fara á stað suður.

Ekki hef ég fengið neina mynd af ukkur í vetur, sem þú segist þó hafa sent og ekki heldur kom núna myndin af dreng Veigu né bankakvittirinn sem þó væri gott að kæmi.

Nú er Bjarni bróðir farinn vestur, hann lagði á stað laugardaginn fyrir páska. Nú ætlar Jón á Þverá að flytja til Reykjavíkur í vor. Ég sakna þeirra úr nágrenninu. Halldóra hefur verið mér vel í alla staði. Hún er ef til vill stórlýnd en hrein og vinur vina sinna. Aumingja Dóra, hún þekkir nú enga þar syðra. Ég vildi óska að þú yrðir henni heldur vinveitt en ókunnug.


Nú er loksins farið að vefa teppatóið þitt, en ekki fékk ég Kristján Hjálmarsson til að vefa það og hefur hann þó lofað því á hverju hausti. Ég er með öndina í hálsinum af hræðslu að það mislukkist að vefa svona gróft íhald hér. Er ekki nógu sterk og stór sem þarf til þess. Ég sendi eitthvað af vaðmáli um leið og teppið með maíferðinni.

Fyrirgefðu klórið, vertu svo ásamt manni þínum og börnum kærri hjartans kveðju kvödd af þinni systur.

Gunna

Berþóra biður að heilsa þér og krökkunum. Hún vill endilega að ég lofi sér að senda krökkunum fangamark sem drengur, sem hér var í vetur, dró upp fyrir hana. Bergþóra kallar það kort. Gunna Þórarins biður mig að geta þess að ekkert fylgiblaðið komið og hvað það sé allt dýrt.

Þína sanna systir, Gunna



Guðrún Helgadóttir (1870–1911) á Jörfa í Víðidal skrifaði eftirfarandi bréf. Guðrún var alla tíð ógift og tók síðar við búi á Jörfa eftir foreldra sína. Áður gekk hún á kvennaskólann í Ytri-Ey. Guðrún átti stærra bókasafn en títt var í sveitum og sögð ákaflega fróð og greind kona en eyllítið undarleg í háttum. Hún var sögð ákaflega búngóð og viljug að lána unglingum á næstu bæjum bækur. Guðrún varð úti árið 1911.

Bréfið er varðveitt í Lbs 3590 4to.

Jörfa 9. september 1894

Kæra vinkona.

Hvernig stendur á því hvað langt er síðan ég hef séð nokkra línu frá þér? Ég skrifaði þér í mesta flaustri í vetur nokkrar línur, máske það hafi aldrei komist til þín. Ég vona þó að ólukku tannpínan sé ekki svo alltaf að kvelja þig, að þú getir það ekki þess vegna. Og ekki að þú sért að borga mér hvað þér þótti ég einu sinni draga lengi að skrifa þér. Góða besta, skrifaðu mér nú, þó ekki sé nema fáar línur. Langtum betra en ekki til að halda við gömlum og skemmtilegum vana. Ég skrifa þér engar fréttir því ég veit þér berast þær greinilegar með þeim sem suður fara.

Mér líður náttúrulega vel, heima alltaf hjá góðum foreldrum. Þetta fagra, rólega (og mörgu leyti) hressandi sveitalíf með fegurð og blíðu náttúrunnar, „sómir mér, huggun sjaldan er brást“. Ó, ég veit góða, þú annst því líka alltaf, eins og ég, og minnst glaðra og saklausra æskudaga sem þú hefir lifað í sveitinni. Þó mér stundum með leiðindum hvarfli í hug að ekki hafi vilja mínum getað orðið framgengt með það sem þú veist mig hefir lengi langað til, reyni ég að láta það ekki lengi á mér festa og sætti mig við það sem verður að vera.

Gaman hefði ég haft sem oftast að vera komin suður og heyra þegar þú hélst fyrirlesturinn í vetur. Það var eftir þér að láta ekki sannast það yrði fyrsti og seinasti fyrirlesturinn þinn sem þú hélst um veturinn í Reykjavík, þó þú hafir nú um bú og börn að hugsa. Ætlar þú ekki að láta prenta hann?

Á löngu vetrarkveldin les ég oft stund og stund mér til skemmtunar, það lítið sem ég get fengið af bókum og blöðum. Þegar ég sé grein í Fjallkonunni sem nefnt er bara að sé eftir konu, flýti ég mér að lesa hana því ég ímynda mér þú hafir máske ritað hana. Betur man eg enn sumar inndælu rómansögurnar sem þú varst að skemmta mér með að segja mér heldur en ýmislegt sem ég les nú, því lengi muna börnin.


Nú held ég Laufey litla sé orðin stór stúlka og kunni fleira, þó aldurinn sé ekki mikill, en þulurnar sem hún var að lofa mér að heyra. Man nú fráleitt eftir „Helgadóttur“.

Fyrirgefðu þetta fréttalausa, ómerkilega riss og mundu mig um að skrifa mér. Má ég ekki vonast eftir góðu, að ég verði búin að sjá bréf frá þér fyrir jól? Ef við lifum.

Foreldrar mínir biðja innilega að heilsa þér.

Guð gefi að þér og þínum líði ætíð vel, þess óskar þín einlæg vinstúlka

Guðrún Helgadóttir



Guðrún Hermannsdóttir/Hermanníusdóttir (1866–1959) prestsfrú á Breiðabólstað í Fljótshlíð skrifaði eftirfarandi bréf. Guðrún stundaði nám í einn vetur við Kvennaskólann í Reykjavík en heima hafði hún áður lært að lesa, skrifa, reikna en einnig lærði hún dönsku. Guðrún lærði síðar orgelleik og var sögð bókelsk. Hún tók þátt í að stofna Kvenfélag Fljótshlíðar og varð fyrsti formaður þess.

Bréfin eru varðveitt í Lbs 3590 4to.

Breiðabólstað 20. nóvember 1906

Heiðraða frú!

Hér með sendi ég yður 10 – tíu krónur, sem borgun fyrir Kvennablaðið. Ég ætlaði að heimsækja yður í haust og borga er ég var á ferð í Reykjavík, en það fórst fyrir sökum annríkis þessa stuttu stund er ég stóð við í bænum. Ég hef ekki getað selt nema 4 blöð núna síðastliðin 2 ár, því eins og ég sagði yður í fyrra vor er ég kom til yðar, hafa sumar er héldu blaðið flutt í burtu en sumar sagt sig úr því. Þá nefnilega í fyrra vor borgaði ég yður krónur 11,40 – ellefu krónur fjörutíu aura – samkvæmt viðurkenningu sem ég hef frá yður, en þá mun eitthvað hafa verið eftir óborgað, sem ég man nú ekki í bili, en það er einhvers staðar skrifað hjá mér. Blöðin sem þér hafið sent og ekki selst, geymi ég. Ég get ekki komið þeim með þessari ferð.

Annars veit ég ekki hvort ég get lengur verið útsölukona fyrir yður en þetta ár. Þessar konur sem halda blaðið vilja helst hætta við það. Þeim þykir blaðið dýrt eftir stærð. Það er alltof mikið rúm tekið af svona litlu blaði undir auglýsingar. Nú í seinni tíð hefur hálft blaðið verið auglýsingar og þær vill maður ekki kaupa. Þær getur maður séð í hinum blöðunum sem að tiltölu eru miklu ódýrari.

Auðvitað er eðlilegt að þér sláið ekki hendi móti auglýsingum en það má ekki koma niður á kaupendum blaðsins. Þér ættuð að stækka blaðið eða láta auglýsingar í aukablað og gætum við sveitakonurnar vel séð af því. Við höfum ekkert gagn af þessum vöruauglýsingum hvort sem er meðan samgöngur eru ekki greiðari en nú á sér stað.

Að öðru leyti líkar mér blaðið vel. Það heldur með gætni fram jafnrétti kvenna mót körlum, sem ég álít mjög nauðsynlegt. En ég held satt að segja að konur hér á landi séu ennþá ekki almennt vaknaðar til meðvitundar um það. Þær nota lítið þau réttindi er þær hafa fengið. Réttindunum fylgja líka ávallt skyldur. Ég hygg t.d. að fáar konur langi til að vera í hreppsnefnd, en ég álít margar konur engu síður hæfar til þess en karlmenn. En annars er núna erfitt tímabil, verkafólkseklan þrengir tilfínanlega að búandi fólki, svo að búandi konur eru flestar ofhlaðnar heimilisstörfum svo það er varla von að þær geti starfað mikið út á við.

Ég hef nú orðið nokkuð langorð og bið ég yður fyrirgefa það.

Ég bið yður láta mig hafa viðurkenningu fyrir þessum krónum er ég sendi yður og getur maðurinn sem færir yður bréfið tekið á móti henni.

Kveð ég yður svo með virðingu og vinsemd.

Yðar einlæg

Guðrún Hermannsdóttir

Breiðabólstað 11. janúar 1909

Háttvirta ritstýra!

Samkvæmt loforði mínu í haust sendi ég yður nú hér með ritgjörð um jafnréttismálið. Ég vona yður þyki hún þess verð að takast í blað yðar. Ég óttast mest fyrir að yður kunni að þykja hún fulllög en ég gat ekki vel haft hana styttri. Hún gæti þá komið út í fleiru en einu blaði en ég vil að hún fái að halda sér eins og hún er. Ef eitthvað er í ritgjörðinni sem yður fellur ekki eða er gagnstætt yðar skoðunum getið þér náttúrliga gjört athugasemdir við það. Mér finnst ekki vanþörf á að ræða þetta mál en mér hefur fundist hingað til að þér hafið haft alltof lítinn styrk kvenþjóðarinnar íslensku í því. Ég man ekki eftir að aðrar konur hafi nokkuð rætt um það mál svo teljandi sé á prenti.

Þó ég fullkomlega viðurkenni það að þér hafið mjög ötullega barist fyrir þessu máli og margt gott um það ritað, þá væri æskilegt að fleiri tækju til máls. Og því aðeins verður eitthvað komist áleiðis að samtökin verði sem best og áhuginn sem mestur hjá kvenþjóðinni. En það er nú öðru nær en að svo sé, a.m.k. þar sem ég þekki best til. Mest sárnar mér við ungu stúlkurnar hvað þær eru áhugalausar. Ég skal segja yður eitt dæmi af fleirum því til sönnunnar: Í fyrra haust fékk ég unga stúlku (um tvítugt) hér í sókninni til að taka Kvinnablaðið. En nú í haust segir hún sig úr því aftur af þeirri ástæðu að það sé ekkert skemmtilegt. Ég spurði hana þá hvort henni fyndist það ekki ræða um nauðsynjamál okkar kvennanna og hvort það væri ekki skemmtilegra að gefa sig að þeim en einhverjum hégóma. En hún gat ekki viðurkennt það og var ófáanleg til að halda áfram blaðinu. Viðræða okkar endaði svo að báðar urðu reiðar en hvorug sannfærði víst aðra. Þó var þetta fremur vel greind stúlka en lítið menntuð.

Satt að segja finnst mér að ungu stúlkurnar hér helst ekki vilja gefa sig við öðru en einhverju pjatti. Þær vilja komast suður til Reykjavíkur til að mennta sig, sem þær kalla, en sú menntun er vanalega ekkert nema kák. Þetta er sannleikur þó sorglegur sé. Það er hugsunarhátturinn sem þarf að breytast en hann getur ekki breyst nema með hollri og góðri alþýðumenntun.

Ég hef í hyggju að skrifa eitthvað í þá átt eða sérstaklega um menntun kvenna innan skamms. Ef þér takið í blaðið þetta sem ég sendi yður núna mun ég einnig senda yður það. Það á best við að það komi í Kvinnablaðinu því ég ímynda mér að hin blöðin taki þess konar ritgjörðir væru þær vel samdar.

Eitt vil ég taka fram áður en ég lýk við bréfið, að mér líkar illa hvað mikið rúm auglýsingarnar taka í blaði yðar. Það er eiginlega það eina er ég hef út á það að setja. Blaðið er svo lítið að það þolir ekki að missa mikið rúm undir auglýsingar.

Kveð ég yður svo með ósk um gleðilegt nýbyrjað ár og allt annað gott. Yðar einlæg vinkona

Guðrún Hermannsdóttir

Halldórsstöðum 19 júlí 1888.

Kæra Bríet mín!

Þjáttana þökk þínar brýfa þitt
góða. Í mesta fleyti víska þú þér það
línan með ferð sem minna þjell þín
innar íttu. Af því þú hefur sýnt
vör um að það komi skipi á Húsavík
í sumar sendi þú mér vskassa
til þínar áttu. Af því kemmi að
skipið sleddist það að, á Húsavík
er enn ekkert skip komið samt
er íslenski þú flóinn en hann
sagður mikill þúir atvaka þ
mordann. Þú að skipi geta ekki
komið, það hafa ~~alt~~ alt af veru
kaldar og mordann stormar þú í
sumar aldrei að kalla regn mjög
líttill grassvöxtur. Þú að áttu þú
tvoir dögum á veltinu altann
vöktu. Þú hefur sýnt kaupakom
samt hafa mér búið þú daglega

Guðrún Þórarinsdóttir (1859–1932) á Halldórsstöðum í Laxárdal skrifaði eftirfarandi bréf. Foreldrar hennar voru bændur á Halldórsstöðum. Guðrún fór síðar til Vesturheims. Hún var alla tíð ógift og barnlaus.

Bréfin eru varðveitt í Lbs 3590 4to.

Halldórsstöðum 19. júlí 1888

Kæra Bríet mín!

Hjartans þökk fyrir bréfið þitt góða. Í mesta flýtir rispa ég þér fáar línur með ferð sem núna féll fyrr inn á Akureyri. Af því ég hef enga von um að það komi skip á Húsavík í sumar sendi ég nú ostkassa til þín á Akureyri, ef ske kynni að skipið slæddist þar að. Á Húsavík er enn ekkert skip komið, samt er íslaus flóinn en hann er sagður mikill fyrir norðan svo að skip geta ekki komist.

Það hafa alltaf verið kuldar og norðan stormar hér í sumar. Aldrei að kalla regn, mjög lítil grasvöxtur. Byrjað að slá fyrir tveim dögum á vellinum, allt annað óslægt enn. Ég hef enga kaupakonu, samt hafa mér boðist þær daglega, en ég hef neitað öllum. Ég hef mikið að gjöra. Guðrún er svo lasin að hún getur lítið gjört, enga áreynslu þolir hún.

Já, mér leiðist oft mjög mikið. Ég óska mér oft á kveldin að vera horfin litla stund til þín svo við gætum skrafað saman eins og við gjörðum stundum þegar vel lá á okkur. Þá gæti ég margt sagt þér sem ég ekki trúi pappírnum fyrir.

Steinþór gamli fór burt úr Stóruvöllum alfarinn fyrir löngu síðan og var þá kominn megn óvild í það allt saman.¹⁷ Fólk segir að Albert hafi orðið hræddur um Guðrúnu fyrir honum og út af því hafi komið óvild og óánægja í það allt. En máski að fólk segi ekki þetta satt. Betur að svo væri en víst er það að ekki kemur Steinþór í Stóruvelli með jafnaði. Hann heldur til á Gautlön[dum].

Nú er Sigurður í Felli kominn að því að gifta sig (mál komið). Hann ætlar að eiga Kristbjörgu Marteinsdóttur, ekkju Jóns sáluga frá Mælifelli (og þó hann færi nú ekki að tréna upp í Felli). Já, svona eru þeir piltarnir, fjandinn hafi að þeir geta lifað konulausir.

Jæja, kæra Bríet, ég held að þér sé nú farin að ógna vitleysan, en ég vona þú fyrirgefir, ég treysti drengskap þínum að þú ekki sýnir Valdimar bréfin mín, né nokkrum öðrum, og í því trausti skrifa ég alla vitleysu.

Nú verð ég að hætta í þetta sinn. Seinna skrifa ég þér rækilegar. Ég bið þig fyrirgefa og lesa í málið. Stúlkur biðja kærlega að heilsa þér. Vertu sæl, vertu sæl. Guð veri alla daga með þér, þess biður þín einlæg

Gunna

P.S.

Það vildi ég þú gætir útvegað mér ögn af hárvaxtarmedalinu. Ég skyldi senda þér peningana strax og ég vissi verðið. Þín Gunna

¹⁷ Hér er að öllum líkindum átt við Steinþór Björnsson (1860–1926) fyrsta lærða þingeyska steinsmiðinn. Hann var yfirmsiður Stóruvallahússins.

Öllum þykir fyrirlesturinn þinn góður sem ég hef heyrt minnast á hann.

Halldórsstöðum 31. október 1888

Kæra besta Bríet mín!

Hjartans þökk fyrir bréfið og sendinguna sem ég hef meðtakið með góðum skilum. Þú sagðir mér ekki hvað sendingin kostaði og verður þú því að biða eftir borgun þar til þú segir mér það.

Ég er hrædd um að miðinn þessi verði heldur magur því fréttirnar fita hann ekki neitt. Ég veit að stúlkurnar hér að norðan hafa sagt þér þær allar og ekki skilið mér neitt eftir af þeim.

Já, það var svei mér hópur sem suður fór. Þær hafa víst farið að draga sig eftir þér. Þú skalt bara passa það að sýna nú Sæmundi allar peningabuddur sem til eru í Vík í vetur, þú manst það vona ég.

Nú ert þú orðin Frú, ég óska þér til lukku í þeirri stöðu. Já, þú varst svei mér ekki lengi að bregða á þig hnappheldunni. Nú kemur að góðu gagni að eiga bíldóttu rollu og kommóðu!! Já, það er betra en að eiga 7 rollur og þúfuna að sitja á. Manstu eftir því? Þú hefur náttúrlega aldrei minnst á annað en bara þá bíldóttu!!! Heldur þú að ég geti gleymt þessu? Manstu þó ekki hverju þú varst búin að lofa!!

Ógn þótti mér annars leiðinlegt að osturinn skyldi verða ónýtur. Ég verð að bæta þér skaðann í sumar, ef ég tóri og verð hér. Nú er Anna í Kasthvammi farin, hún fór með Thyru. Ég fylgdi henni inn á Akureyri. Við biðum 4 daga eftir henni. Anna bar sig vel, ég skil ekki hvað hún er tápmikil svo veikleg sem hún sýnist vera. Halldóra á Þverá fór líka. Hún ætlaði til Hafnar að láta lækna augnveiki sem hún hefur haft síðan hún lá í mislingunum.

Ég hafði gaman af að koma inn eftir. Ég sá og heyrði margt. Ég var þar við kirkju og sá og heyrði síra Matthías fyrsta sinni. Ég var hreint hissa hvað glumdi í karlinum. Líka hafði ég þá æru að sjá Sigurlaugu frá Höfnum tilsýndar. Hún kom með Thyru og var á leið til Hafnar.

Ekki hefur mér gengið vel að selja slifsin. Ég hef bara getað selt eitt og hef ég þau þó alltaf á boðstólum. Ég náttúrlega reyni það sem ég get, en þolinmóð verður þú að vera, það verður þó einhvern tímann þó seint gangi.

Nú verð ég að hætta, heilsaðu Rebekku. Fyrirgefðu og vertu svo þúsund sinnum sæl. Guð veri með þér.

Þín einlæg

Gunna

P.S.

Ég treysti þér til að láta ekki Valdimar sjá. Svona er ég heit að lyfið brann eins og þú sérð.

Stúlkur biðja kærlega að heilsa.

Halldórsstöðum 17. júlí 1895

Kæra Bríet mín!

Hjartans þökk fyrir bréfið þitt og allt gott og gamalt. Ég ætla þá að byrja á að segja þér að blöðin sem þú sendir seinast stóðu ekki heima. Þú nefnilega sendir 9 blöð af númer 4 en ekki nema 7 af númer 5. Mér þætti gott að geta fengið blaðið sem vantaði ef þú ættir hægt með það. Ég held kaupendum líki blaðið vel og svo er úttalað um það.

Af mér er fátt að segja, mér líður heldur vel. Ég er hjá Sveini bróðir, við búum saman og erum bara tvö svo þú getur nærri að við búum ekki stórt. Samt höfum við nokkrar rollur og sitjum á okkar þúfu!!!

Hvernig mér leist á Bjarna? Mér leist heldur vel á hann, en ekki svo að ég legði mig neitt í framkróka til að ná í rollurnar hans. Ég fór stundum að brosa þegar hann var að tala við systir sína. Ég minntist þá siðalærdómanna sem þú sagðir að hann hefði alltaf haft á reiðum höndum. Ég hafði mjög gaman af að stríða honum svo ég vissi ekki betur en að hann hataði mig þegar hann fór. Þetta er nú sagan af því, svo þú getur verið viss um að þú verðir orðin langamma löngu áður en þú færð nýmjólkurostinn frá okkur Bjarna.


Ég hef fyrir löngu síðan einsett mér að verða piparmey. Ég held það sé vandaminnst. Ég vissi fyrir löngu að ég kunni hvorki að fara með mann né börn. Hverninn mér líki við mágkonurnar? Heldur vel, þær eru góðar við mig og bændum þeirra þykir vænt um þær og er þá ekki allt gott? Hverninn Magnúsi gengur búskapur? Ekki sýnist mér honum hafa farið fram síðan þú þekktir hann. Svo er ekki meira um það.

Ég man ekki að það sé neitt að fréttu hédan. Öllum sem þú þekktir líður heldur vel. Heyrt hef ég að krökkum Guðjohnsen¹⁸ líki stjúpán í meira lagi illa. Ásgeir búinn að sækja burtu. Haldið að það sé mest vegna Kristínar. Það gengur allra mestu ósköp á þar ytra, barsmíði og fleira, fleira. Ég hef heyrt að flestum félli illa við frúna. Ekki skaltu láta fólkið hans heyra það aftur seinna.

Nú er ég bæði syfjuð¹⁹ og þreytt. Fyrirgefðu þetta flýtirsklór (og settu það ekki í blaðið!!!). Vertu svo kærast kvödd af þér einlægu Gunnu.

¹⁸ Í bréfinu stendur: Guðjónsens.

¹⁹ Í bréfinu stendur: sufjuð.



Guðrún Þórarinsdóttir Tulinius (1835–1904) húsfreyja á Eskifirði skrifaði eftirfarandi bréf.

Bréfið er varðveitt í Lbs 3590 4to.

Eskifirði 4. maí 1903

Kæra vinkona!

Ég þakka yður innilega fyrir yðar góða bréf og myndina sem ég meðtók með góðum skilum – mikið þykir mér drengurinn yðar fallegur og efnilegur þar sem hann stendur á bryggjunni. Ég hef skoðað hann í stækkunargleri. Ég hef líka heyrt svo mikið talað um hvað börnin yðar séu vel gefin, bæði frá tengdadóttur minni og mömmu hennar. Ég vona nú að þau verði yður til gleði. Það er satt máltæki þó gamalt sé, að barnalán er betra en fé. Ég get samsinnt það, því ég hef átt og á mér góð börn.

Ég vona nú að það gangi vel með útsölu blaðsins því það er dugleg kona sem hefur tekið við útsölu blaðsins, frú Lovísa Jakobsen. Maður hennar er skósmiður og vert. Mér þykti vænt um ef kaupendur gætu fjölgað aftur. Og undir eins og árferði batnar hér, þá er ég viss um að fólk fer að kaupa það aftur. Það setur mikinn prís á Eldhúsbálkinn og eins ýms ráð með blóm og hreinlegheit í húsum. Það eru margir á eftir tímanum með það hér á landi, en þó er það versta meinið að menn meta aldrei tímann hér en í honum liggja peningarnir. Það skiljum við ekki vel, Íslendingar, enn þá. Það væri gott að brýna það fyrir fólki í blaði yðar.

En góða látið þetta ekki fara neinstaðar, ég er að skrifa yður þetta að gamni mínu. Mér þykti vænt um ef að blaðið gæti orðið sem útbreiddast, því það er svo ágætt blað einkum fyrir sveitalífið.

Myndina sem þér senduð mér fyrir 3ur árum lét ég pússa upp og líma, og svo er hún nú góð og er komin í glas og ramma. Ég fékk hana svo seint því það tapaðist adressebréfið svo hún hraktist svo lengi hjá öðrum. Ég þakka yður kærlega fyrir hana því það er sannarlega fallett stykki.

Héðan er fátt að segja nema kalda tíðina. Það er frost á hvörri nóttu og snjórinn fjarska mikill í fjöllum og víða á sléttunni líka og margir farnir að verða heyllausir, svo það er mikill hugur hér í fólki að komast til Ameríku. Svo bætir það nú á óánægju bænda, hvaladrápið, og það er nú von, því það er voðalegt ef það skyldi spilla fiskiveiði hér við land. –

Fyrirgefið mér þetta klór. Líði yður betur en beðið getur, yðar einlæg vina

Guðrún Þ. Tulinius